

UM NAUÐGANIR

afleiðingar | málsmeðferð | Stígamót

UM NAUÐGANIR

afleiðingar | málsmeðferð | Stígamót

Dr. Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi tók bæklinginn saman í samvinnu við konur á Stígamótum. Margrét Steinarsdóttir lögfræðingur endurskoðaði og uppfærði.

Um nauðganir

© **Stigamót**

Hverfisgötu 115, Reykjavík

www.stigamot.is

Fyrsta útgáfa 1993

Önnur útgáfa 2001

Þriðja útgáfa 2012

Hönnun og umbrot: Sóley Stefánsdóttir

Prentun: Guðjón Ó. - Vistvæn prentsmiðja



EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	5
-----------------	---

I. HLUÐI

1. HVAD ER NAUÐGUN?	9
Goðsagnir og raunveruleiki	10
2. ERU NAUÐGANIR ALGENGAR?	14
3. LÝSINGAR Á VIÐBRÖGÐUM KVENNA VIÐ NAUÐGUN	16
Aðdragandi nauðgunar	16
Nauðgunarárásin	17
4. AFLEIÐINGAR NAUÐGANA	19
Líkamleg eftirköst	19
Fyrstu tilfinningalegu viðbrögðin	20
Glíman við langtímaafleiðingar	21
Aðstæður sem hafa áhrif á afleiðingar nauðgana	24
5. STUÐNINGUR AÐSTANDENDA OG VINA	27
Þú getur hjálpað	27
Skiptir kyn stuðningsmanns máli?	30
6. HVAD ERU KONUR LENGI AÐ NÁ SÉR EFTIR NAUÐGUN?	32

II. HLUÐI

1. HEGNINGARLÖG OG NAUÐGUN	35
Almenn hegningarlög	36

2. RÉTTARFARSLEIÐIN	37
Lög um meðferð sakamála	37
Réttargæslumaður	38
Kært til lögreglu	39
Læknisskoðun	41
Ákærandi	42
Héraðsdómur	43
Málsmeðferð þegar brotápolur eru yngri en 15 ára	45
Brotápoli sem vitni	50
Kröfur um sönnun	51
Reglur um fyrningu mála	52
Einkaréttarkröfur	53
Gæsluvarðhald	55
3. RÉTTARKERFIÐ OG BROTAÐOLAR.....	56
Af hverju kæra tiltölulega fáar konur nauðgun?	59

III. HLUTI

1. STÍGAMÓT	61
Einkaviðtöl og sjálfshjálparhópar	63
Fræðsla og upplýsingar um kynferðisofbeldi	64
2. STARFSEMI BARNAHÚSS	65
3. NEYÐARMÓTTAKA VEGNA NAUÐGANA	66
4. SKRÁ YFIR HEIMILISFÖNG OG SÍMANÚMER	68
5. HEIMILDASKRÁ	70

INNGANGUR

Kynferðisofbeldi birtist í mismunandi formi. Það getur til dæmis verið nauðgun, sífjaspell, kynferðisofbeldi ókunnugra á börnum, klám, vændi og kynferðisleg áreitni á vinnustöðum eða annars staðar. Þá er líkamlegt og/eða andlegt ofbeldi gegn konum í fjölskyldum einnig skilgreint sem kynferðisofbeldi.

Sameiginlegt slíku ofbeldi er að kynferðislegum athöfnum, orðum eða myndum er beitt gegn vilja þess sem fyrir ofbeldinu verður og það skaðar þann hinn sama. Oftast verða konur og börn fyrir kynferðisofbeldi og ofbeldismennirnir eru oftast karlar.

Þessi bæklingur er um nauðganir og afleiðingar þeirra. Efnislega skiptist hann í þrjá hluta. Í fyrsta hluta er fjallað um nauðganir og afleiðingar þeirra. Annar hlutinn rekur málsmeðferð í nauðgunarmálum, þegar þau eru kærð til lögreglu. Í þriðja hlutanum er gerð grein fyrir þjónustu og starfsemi Stígamóta. Þar er einnig að finna upplýsingar um lesefni og aðra hjálp fyrir konur, sem hefur verið nauðgað.

Efni bæklingins miðast fyrst og fremst við þarfir kvenna, ungra sem aldinna, en það er von okkar að hann nýtist einnig sem almennur upplýsingabæklingur og dragi úr ríkjandi fordómum varðandi nauðganir. Jafnframt skal þess getið að mörg dæmi eru um að körlum sé nauðgað. Þannig leituðu samtals 66 karlar til Neyðarmóttöku vegna nauðgana á árunum 1993-2010. Það er erfitt fyrir einstaklinga sem beittir eru kynferðisofbeldi að tala við aðra um þá sáru reynslu. Enn gætir þeirra viðhorfa í þjóðfélaginu sem valda því að konur, sem hefur verið nauðgað, geta átt það á hættu að vera taldar annars flokks og að þær geti sjálfum sér um kennt ef þær eru beittar slíku ofbeldi og segja frá því.

Bæklingurinn byggir fyrst og fremst á reynslu fjölmargra kvenna, sem hefur verið nauðgað og hafa leitað til Stígamóta, en Stígamót eru að sjálfsögðu opin bæði körlum og konum. Einnig er stuðst við niðurstöður úr viðurkenndum erlendum rannsóknum á nauðgunum, eðli þeirra og afleiðingum fyrir konur.

Á áttunda áratugnum var mikil gróska í kvennahreyfingum á Vesturlöndum. Þegar konur fóru að bera saman bækur sínar og ræða reynslu sína, kom í ljós að margar þeirra höfðu verið beittar kynferðisofbeldi einhvern tíma á lífsleiðinni. Þessar konur rufu þögnina, sem ríkt hafði um kynferðisofbeldi gegn konum, og þær stofnuðu ráðgjafar- og stuðningsmiðstöðvar fyrir konur sem hafði verið nauðgað eða mátt þola önnur form kynferðisofbeldis.

Íslenskar konur hafa líka látið sig þessi mál varða. Lítil

hópur kvenna, sem var í tengslum við Kvennaathvarfið, tók sig saman árið 1984 og stofnaði Ráðgjafarhóp um nauðgunarmál. Þær ræddu þær um reynslu sína sem brotþola kynferðisofbeldis og hvað væri hægt að gera hér á landi til að aðstoða konur, sem hefur verið nauðgað og rjúfa þögnina, sem ríkti um þessi alvarlegu mál. Þær komu á fót starfshópi og veittu konum einstaklingsbundinn stuðning og aðstoð við að kæra ofbeldið. Þessi sjálfboðavinna þróaðist smám saman þannig að samvinna hófst við aðra hópa kvenna, sem voru einnig að vinna að því að byggja upp stuðning við konur sem beittar höfðu verið öðrum tegundum kynferðisofbeldis. Árangur af þessu starfi eru Stígamót. Stígamót eru ráðgjafar- og fræðslumiðstöð fyrir konur og börn sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi. Stígamót voru opnuð 8. mars 1990 og æ fleiri einstaklingar leita þangað vegna afleiðinga kynferðisofbeldis.

I. HLUTI

NAUÐGANIR; EÐLI ÞEIRRA OG AFLEIÐINGAR

1. HVAÐ ER NAUÐGUN?

Nauðgun er einn af alvarlegustu glæpum sem beinast að einstaklingum, aðeins mannsmorð er litið alvarlegri augum samkvæmt hegningarlögum. Nauðgun er kynbundið ofbeldi. Það eru oftast karlar sem nauðga konum, börnum og öðrum körlum. Í þessum bæklingi verður notað samheitið kona yfir brotaþola í nauðgunarmáli í ljósi þess að það eru oftast konur og unglingsstúlkur sem er nauðgað.

Nauðgun snertir ekki aðeins konuna sem fyrir henni verður, nauðgun snertir alla þá sem standa henni nærri. Nauðgun er smánarblettur á samfélaginu og er því í senn persónuleg ógæfa og samfélagslegt vandamál.

Þrátt fyrir þetta ríkja margs konar goðsagnir tengdar nauðgunum, konum, sem er nauðgað, og nauðgurum. Hér verður vikið að sex algengustu og lifseigustu fordómunum eða goðsögnunum.

Goðsagnir og raunveruleiki

1 Fyrst er til að nefna þá goðsögn að konur vilji láta nauðga sér, þær njóti þess. Vel þekkt afbrigði af þessari goðsögn er að konur segi nei þegar þær meini já. Engin kona vill láta nauðga sér. Nauðgun er ofbeldisafbrot sem miðar að því að niðurlægja konuna og hafa vald yfir henni. Konur lýsa nauðgun sem því hræðilegasta sem fyrir þær hafi komið og mörgum finnst þær vera - og þær eru oft - í lífshættu, þegar þeim er nauðgað. Konur hvorki njóta slíkrar reynslu né óska eftir henni. Sumar konur kunna að gæla við kynferðislega dagdrauma um að „draumaprinsinn“ komi og taki þær án vilja þeirra. Slíkar fantasíur eða dagdraumar eiga ekkert skylt við raunverulega nauðgun. Í dagdraumum hefur konan stjórn á því sem hún hugsar, hún velur stað og stund svo og manninn. Í dagdraumunum er heldur ekkert ofbeldi, enginn sársauki, enginn ótti eins og í raunverulegri nauðgun.

2 Önnur velþekkt goðsögn er að konur eigi nauðgunina skilið, þær hafi beðið um hana, t. d. með klæðaburði eða með því að gefa karlmanni undir fótinn. Annað afbrigði er að konur geti sjálfum sér um kennt verði þær fyrir nauðgun, þær hafi tekið áhættu með því t.d. að fara einar út eða með því að þiggja bílfar.

Ekkert réttlætir nauðgun, nauðgarinn einn er ábyrgur gerða sinna. Án tillits til aðstæðna á kona rétt á því að segja nei hvenær sem er. Það sama gildir ef konan er ekki fær um að segja nei vegna ölvunar, svefnástands eða annarra aðstæðna. Nauðgun er fyrst og fremst ofbeldisverk, kynferðislegar athafnir eru sá

farvegur sem ofbeldismaðurinn velur ofbeldi sínu. Konum er nauðgað við ýmiss konar aðstæður, án tillits til útlits, aldurs eða hegðunar þeirra.

3 Þriðja goðsögnin gefur til kynna að aðeins vissum hópi kvenna sé nauðgað. Dæmi um þetta eru hugmyndir um að aðeins þeim konum sé nauðgað sem búa í fátækrahverfum, konum sem eru kynferðislega virkar, konum, sem lifa áhættusömu lífi og konum sem áður hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi. Slíkar hugmyndir eru gjörsamlega úr lausu lofti gripnar. Erlendar rannsóknir og starfsemi Stígamóta sýna að hættan á nauðgun fer ekki í manngreinarálit. Hvaða kona sem er getur orðið fyrir nauðgun.

4 Fjórdða goðsögnin beinist að því að konur ljúgi því að þeim hafi verið nauðgað í því skyni að hefna sín á árásarmanningnum, sem þær tilnefna. Afbrigði af þessari goðsögn er að frásögn þeirra sé ekki að treysta, þær ýki og rangtúlki atburði til þess að vernda eigið orðspor. Slíkar goðsagnir eru ekki á rökum reistar. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að aðeins 2% af tilkynntum nauðgunum eigi ekki við rök að styðjast en það er sama hlutfall og í öðrum tilkynntum afbrotum.

5 Í fimmtu goðsögninni er því haldið fram að konur hefðu getað komið í veg fyrir nauðgunina hefðu þær bara veitt mótspyrnu. Því er haldið fram að ekki sé hægt að nauðga konu gegn vilja hennar og ef hún beri ekki líkamlega áverka, hljóti hún að hafa viljað hafa kynmök við ofbeldismanninn. Enginn

fótur er fyrir þessari goðsögn. Sumir nauðgarar beita konur líkamlegu ofbeldi, flestir gera það ekki. Hinir síðarnefndu hóta oft öllu illu, t.d. að nota vopn ef konan hreyfi sig eða að meiða barn hennar eða aðra nákomna henni.

Nauðgun kemur konum alltaf á óvart og margar konur lýsa því að þegar þær geri sér grein fyrir því hvað nauðgarinn ætlast fyrir, lamist þær, hræðslan og ógnin samfara nauðguninni hindri þær í að berjast við nauðgarann. Enn aðrar konur meta aðstæður þannig að veiti þær mótspyrnu kunnri það að kosta þær lífið.

6 Síðasta goðsögnin sem hér verður dregið á snertir nauðgarana. Sagt er að þeir séu geðrænt sjúkir einstaklingar eða búi við mikið andlegt álag. Oft er einnig reynt að skýra hegðun þeirra með því að þeir misnoti áfengi eða lyf eða að þeir hafi sjálfir orðið fyrir kynferðisofbeldi sem börn. Loks er ofbeldi þeirra skýrt með því að þeir hafi ekki getað haft stjórn á kynhvöt sinni.

Engin þessara skýringa stenst. Rannsóknir á dæmdum kynferðisbrotamönnum sýna að þeir eru almennt ekki geðveikir. Þeir búa heldur ekki við meira andlegt álag en gerist og gengur. Sumir þeirra hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi sem börn, en flestir þeirra ekki. Nauðgarar nauðga bæði undir áhrifum áfengis/lyfja og allsgáðir. Þrátt fyrir miklar rannsóknir hefur sem sé hvorki tekist að einangra einhver persónuleika- einkenni né lífsreynslu sem leiði til þess að einstaklingur nauðgi eða beiti öðru kynferðisofbeldi. Hugmyndir um að karlar geti ekki haft

stjórn á kynhvöt sinni fá heldur ekki staðist. Rannsóknir hafa leitt í ljós að um 80% nauðgana eru skipulagðar að hluta til eða öllu leyti áður en nauðgarinn lætur til skarar skriða. Þegar fleiri en einn taka sig saman og nauðga sömu konunni, hafa þeir alltaf undirbúið nauðgunina.

Það er hvorki stjórnlaus kynhvöt, sjúklegir eiginleikar né utanaðkomandi aðstæður sem fá karla til að nauðga. Nauðgun er í eðli sínu ofbeldi sem miðar að því að lítillækka, niðurlægja og kúga þann sem er nauðgað. Nauðgun undirokar konur á hrottafullan hátt undir vilja karla og vitundin um hættuna á nauðgun er ógn sem takmarkar og heftir frelsi allra kvenna.

Goðsagnirnar sem minnst hefur verið á hér að ofan eru til þess fallnar að ala annars vegar á fordómum sem beinast að fórnarlömbum nauðgana og fela í sér að þau beri ábyrgð á því ofbeldi sem þau verða fyrir. Hins vegar miða goðsagnirnar að því að réttlæta gerðir ofbeldismannsins með því að þeir séu sjúkir eða hafi ekki fulla stjórn á sér og að gera lítið úr nauðgun sem ofbeldi, jafnvel að láta líta svo út að nauðgun sé „eðlileg“ eða réttlætanleg. Þar með er dregið úr ábyrgð nauðgarans á því ofbeldi sem hann fremur. Jafnframt er sárri reynslu kvenna af nauðgunum og þeirri ógn sem öllum konum stendur af þeim afneitað.

Konur hafa því á grundvelli reynslu sinnar skilgreint nauðgun sem *kynferðisofbeldi þar sem sjálfsákvörðunarréttur þeirra sem fyrir ofbeldinu verða er virtur að vettugi og réttur þeirra til sjálfsstjórnar er brotinn á bak aftur.*

2. ERU NAUÐGANIR ALGENGAR?

Enginn veit með fullri vissu hversu algengar nauðganir eru. Það er þó ljóst að nauðgun er kynbundið ofbeldi; það eru oftast karlar sem nauðga. Oftast nauðga þeir konum en stundum einnig kynbræðrum sínum. Vandaðar erlendar kannanir á tíðni nauðgana benda til að nauðganir séu miklu algengari en almennt hefur verið talið. Í Bandaríkjunum er t.d. talið að konu sé nauðgað fjórðu hverja mínútu.

Í viðurkenndum bandarískum könnunum á tíðni nauðgana (Koss og Harvey, 1991) kemur fram að 44% kvenna, eða nánast önnur hver kona hafi að minnsta kosti mátt þola eina nauðgun eða nauðgunartilraun. Jafnframt sýna þessar kannanir að helmingur þeirra hafi verið beittar nauðgun oftari en einu sinni. Oftast er konum nauðgað á heimili sínu og oftast er nauðgarinn einhver sem konan þekkir, svo sem eiginmaður/sambýlismaður hennar, fyrrverandi eiginmaður/sambýlismaður, góður vinur/kunningi eða ættingi. Í ofangreindum rannsóknum kemur einnig fram að aðeins í 11% tilvika þekkti konan ekki nauðgarann. Lítið brot (8%) nauðgananna var kært til lögreglu eða tólfta hver nauðgun.

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd skilaði, í desember 2010, niðurstöðum rannsóknar á ofbeldi gegn konum á Íslandi sem unnin var fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið. Þar kemur m.a. fram að 7% aðspurðra kvenna á aldrinum 18-80 ára hafa verið þvingaðar til samfara með ofbeldi eða hótun, 8,5% þeirra hafa upplifað tilraun til samfara með ofbeldi eða hótun, 15,5% hafa upplifað kynferðislega snertingu sem olli vanlíðan, 4,2% hafa verið þvingaðar eða

reynt hefur verið að þvinga þær til kynmaka með öðrum og loks hafa 2,4% kvennanna verið beittar annars konar kynferðis-
ofbeldi. Rannsóknin leiddi jafnframt í ljóst að 4,6% kvennanna
höfðu orðið fyrir nauðgun eða tilraun til nauðgunar í nánu
sambandi.

Upplýsingar um tíðni nauðgana er einnig að finna í
ársskýrslum Stígamóta og Neyðarmóttöku vegna nauðgana.
Þar kemur fram fjöldi þeirra kvenna sem leita til þessara aðila
vegna nauðgana. Ársskýrslur lögreglu gefa einnig til kynna
fjölda nauðgunarkæra sem berast til þeirra. Dæmi um þessar
tölur eru að á árunum 2005-2010 leituðu 656 konur til Stígamóta
vegna nauðgana, 45 vegna gruns um nauðgun og 59 vegna
nauðgunartilrauna. Af ársskýrslum Stígamóta má einnig ráða
að konurnar þekkja nauðgarana í nærri 85% tilvika.

Á árunum 2005-2010 voru heimsóknir á Neyðarmóttöku
LSH samtals 776, þar af 24 karlar. Kærð mál voru 340. Ríkis-
saksóknara bærust á árunum 2005-2009 samtals 280 mál
vegna brota á ákvæðum 194.-198. gr. hegningarlaga. Voru 198
þeirra felld niður en gefnar út ákærur í 84 málum (óútskýrður
mismunur 2 ákærur, sennilega í málum er bærust embættinu
fyrir 2005). Í héraðsdómi var sýknað í 25 málum og sakfelld í
52. Áfrýjanir voru samtals 36 og sýknaði Hæstiréttur í 4 málum
og sakfelldi í 28 en 4 mál biðu dóms Hæstaréttar í árslok 2010.

Þó að þessar tölur gefi aðeins takmarkaða mynd af fjölda
nauðgana hér á landi eru þær þó vísbending um tvennt. Annars
vegar, að hér eins og annars staðar er aðeins lítill hluti nauðgana
kærður til lögreglu og hins vegar, að konur verða oftast fyrir
nauðgun frá kunnugum eða nákomnum karlmönnum.

Áður hefur verið minnst á að karlmönnum sé einnig nauðgað, enda hafa karlmenn bæði leitað til Stígamóta og á Neyðarmóttöku LSH vegna nauðgana. Tölur um hversu algengt það er eru þó mjög á reiki. Í bandarískum könnunum kemur fram að frá 0,6 til 7% karla hafi verið nauðgað og að nauðgararnir séu karlar. Svo virðist sem hrottafengnu líkamlegu ofbeldi sé oft beitt í slíkum nauðgunum.

3. LÝSINGAR Á VIÐBRÖGÐUM KVENNA VIÐ NAUÐGUN

Aðdragandi nauðgunar

Þegar konur greina frá nauðgunum, sem þær hafa verið beittar, eru ýmsir þættir í lýsingum þeirra sameiginlegir. Nauðgun kemur konum alltaf á óvart. Flestar konur eru þegar á unga aldri varaðar við ókunnugum körlum og margar þeirra halda að nauðgarar séu auðþekktanlegir á útlitinu. Fæstar konur gera sér grein fyrir þeirri staðreynd, sem þegar hefur verið dregið á, að konum er oftast nauðgað af körlum sem þær þekkja. Karl sem ætlar að nauðga ber það ekki með sér hvorki í útliti né hegðun. Það er því ekki fyrr en á einhverju stigi í aðdraganda nauðgunar að það rennur upp fyrir konunni hvað nauðgarinn ætlast fyrir. Nauðgun kemur því konum alltaf í opna skjöldu, hvort sem nauðgarinn er einhver sem þær þekkja eða ekki.

Konum er sjaldnast nauðgað á götum úti eða á víðavangi þannig að á þær sé skyndilega ráðist, þó slíkum tilvikum hafi farið fjölgandi seinni ár. Í slíkum tilvikum er nauðgarinn ókunnugur konunni og það er hrein tilviljun hvaða kona verður fyrir barðinu á honum. Fórnarlambið hefði eins getað verið einhver önnur kona sem átti þar leið um. Flestar nauðganir eiga

sér stað á heimilum, heima hjá konunni, heima hjá nauðgar-
anum eða á heimili kunningja konunnar eða nauðgarans.
Nauðgun, hvort heldur nauðgarinn er ókunnur eða kunnugur,
er þannig ekki eitthvað sem gerist utan venjulegs lífs okkar
eins og goðsagnirnar gefa til kynna. Venjulegar, hversdagslegar
aðstæður sem hvaða kona sem er getur verið í breytast skyndi-
lega í nauðgunarárás, ákveði karlmaður að nauðga.

Konur sjá oft eftir á að nauðgarinn hefur undirbúið
nauðgunina t.d. með því að haga því svo til að hann sé einn
með konunni en þegar nauðgunin á sér stað, upplifa þær hana
sem skyndiárás, eins og þrumu úr heiðskíru lofti. Nauðgarar
nota sér einangrun og/eða undrun kvenna til þess að reyna að
koma fram vilja sínum og yfirbuga þær.

Við búumst ekki við nauðgun þegar við erum með fólki sem
við þekkjum og treystum. Hið sama á við þegar við förum út
að skemmta okkur. Við reiknum með að þar gildi hefðbundnar
leikreglur um samskipti kynjanna, án tillits til hvort við höfum
farið til þess að kynnast einhverjum af hinu kyninu eða ekki.
Nauðgun er konum ekki efst í huga þegar þær fara í partí, á
skemmtistað, í matarboð eða fjölskylduboð svo eitthvað sé nefnt.

Nauðgunarárásin

Konur líkja oft líðan sinni, meðan á nauðgunarárásinni stendur,
við það að vera í einangrandi tómi þar sem tilfinningin um
einmanaleika er sterkust. Nauðgunarreynslu fylgir einnig sú
tilfinning að missa alla stjórn á lífi sínu og aðstæðum. Því fylgir
mikill ótti og ásækin tilfinning um að vera í lífshættu. Sumar
konur lýsa einnig skyndilegri breytingu á atferli eða viðmóti

nauðgarans, þegar þær gera sér grein fyrir að hann ætli í raun að nauðga þeim, sem einu af því hræðilegasta varðandi upphaf árásarinnar.

Sumar konur missa meðvitund þegar árásin hefst, ýmist vegna þess að þær hljóta höfuðhögg vegna áfallsins, sem árásin hefur í för með sér eða vegna sársauka. Aðrar bregðast hart við árásinni og veita mótspyrnu. Sumum tekst að sleppa en mótspyrna annarra hindrar ekki nauðgarann og sumar bera líkamlega áverka eftir slík átök. Aðrar konur lýsa því hvernig áfallið, sem fylgir því að upplifa það að venjulegar aðstæður breytast skyndilega í nauðgunarárás, verði til þess að lama þær gersamlega þannig að þær geta enga mótspyrnu veitt. Enn aðrar lýsa því hvernig þær hafi einsett sér að halda ró sinni meðan á nauðguninni stendur.

Haldi konan fullri meðvitund og sé dómgreind hennar og viðbrögð ekki skert vegna neyslu áfengis eða lyfja, beinist öll hugsun hennar, eftir að nauðgunarárásin er byrjuð, að því að reyna að sjá fyrir hvað nauðgarinn geri næst og hvernig hún geti sloppið eða brugðist við ofbeldinu.

Konur reyna þannig að meta aðstæður sínar og þær velja þá leið til að lifa árásinu af, líkamlega og tilfinningalega, sem aðstæður og mat þeirra á þeim leyfir. Sumar konur loka sig tilfinningalega frá því sem er að gerast. Aðrar lýsa því hvernig tilfinningar þeirra sveiflast milli ótta og reiði meðan á nauðguninni stendur. Hafi reiðin yfirhöndina í upphafi nauðgunarinnar verður hún oft til að konan reynir að verja sig, þó ótti fremur en reiði geti líka stjórnað því að konur reyna að takast á við nauðgarann.

Það eru því ekki til nein rétt eða röng viðbrögð við nauðgun, þau eru einstaklingsbundin, tengjast sjálfsmynd okkar, hvernig við lítum á annað fólk, fyrri lífsreynslu okkar, bakgrunni okkar og síðast en ekki síst aðstæðum þegar nauðgunin á sér stað. Öll viðbrögð kvenna við nauðgun eru eðlileg viðbrögð við óeðlilegum aðstæðum og þau miða að því að reyna að hafa einhverja stjórn á eigin lífi. Það verður vart nægjanlega undirstrikað hversu mikilvægt það er fyrir konur að hafa einhverja stjórn meðan á nauðguninni stendur og eftir hana.

4. AFLEIÐINGAR NAUÐGANA

Það er einstaklingsbundið hvernig konum gengur að komast yfir afleiðingar nauðgunar og ná aftur fullri stjórn á lífi sínu. Hér á eftir verður fjallað um þætti tengda nauðguninni sem virðast vera öllum konum sameiginlegir. Fyrst verður vikið að líkamlegum afleiðingum nauðgunar.

Líkamleg eftirköst

Fyrstu dagana eftir nauðgun eru líkamlegar afleiðingar mest áberandi. Stundum bera konur áverka eftir nauðgun, svo sem beinbrot og marbletti, einkum á útlimum, hálsi og andliti. Sumar konur eru fullar orku og afar virkar fyrst eftir nauðgun, jafnvel í ríkara mæli en fyrir nauðgun. Skýringin á þessu er sú að adrenalínstreymið í líkamanum eykst til muna við árásina og hefur ekki náð jafnvægi aftur. Streituvíðbrögð líkamans eftir nauðgunaráfallið, valda því einnig að meiri vökví en venjulega safnast í líkamann og þvaglát kunna að vera tíðari meðan jafnvægi er að komast á. Stundum fylgir mikil þreytutilfinning

vökvatapinu. Jafnvægi í líkamsstarfsemi næst yfirleitt innan 7-10 daga.

Tiltölulega algengt er að konur fái martraðir, svefntruflanir, höfuðverk, ýmiss konar verki, kláða, uppköst, skjálfta og önnur líkamleg áfallseinkenni eftir nauðgun. Þessi eðlilegu ósjálfráðu líkamlegu viðbrögð standa mislengi og það er einstaklingsbundið hversu hörð þau eru. Standi þau lengi, þ.e. í 2-4 vikur, virðast þau lengja tímenn sem nauðgunarárásin stendur konum ljóslifandi fyrir hugskotssjónum.

Flestar konur sem er nauðgað verða fyrir ósjálfráðum langtímaviðbrögðum, sem nefna mætti svipmyndir eða það sem á ensku nefnist „flash-back.“ Slíkar svipmyndir, þar sem einhver brot úr nauðgunarárásinni skjóta skyndilega upp kollinum í huga konunnar án þess að hún fái við ráðið, eru afar truflandi og ógnandi. Oftast koma svipmyndirnar í tengslum við ákveðna snertingu, lykt eða aðrar ytri aðstæður sem minna á nauðgunina. Svipmyndirnar geta fylgt í kjölfar nauðgana í marga mánuði, jafnvel ár. Þær eru ekki merki um sjúklegt ástand heldur að í undirmeðvitundinni er konan að glíma við tilfinningaleg eftirköst nauðgunarinnar.

Varanleg líkamleg eftirköst nauðgana geta verið kynsjúkdómasýkingar og alnæmismit, sé nauðgarinn haldinn slíkum sjúkdómum, svo og innri blæðingar. Einnig verða konur stundum ófrískar eftir nauðgun. Af þessum sökum er konum, sem er nauðgað, mikil nauðsyn að fara í læknisskoðun.

Fyrstu tilfinningalegu viðbrögðin

Nauðgun er alla jafna alvarlegasta lífsreynsla sem konur verða

fyrir. Henni fylgir mikið tilfinningalegt umrót og upplausn. Fyrstu tilfinningalegu viðbrögð kvenna eftir nauðgun geta verið með ýmsu móti. Tilfinningarnar tengdar því áfalli sem nauðgun er geta brotist út óheftar svo sem í miklum gráti, reiði, hræðslu og/eða í því að konan talar í sífellu um nauðgunina, oft samhengislítið. Aðrar konur geta virst sallarólegar og yfirvegaðar. Þær segja skýrt og greinilega frá því sem gerst hefur og sýna engin tilfinningaleg viðbrögð. Enginn skyldi ætla að það sé til marks um raunverulega líðan konunnar. Tilfinningalegu viðbrögðin eru einstaklingsbundin. Þau eru alltaf eðlileg viðbrögð við óeðlilegum aðstæðum eins og áður hefur verið bent á. Það hefur sýnt sig, að fyrstu tilfinningaviðbrögð kvenna eftir nauðgun eru ekki til marks um hvernig þeim tekst að glíma við eftirköst nauðgunar þegar frá líður.

Glíman við langtímaafleiðingar

Fyrstu vikurnar eftir nauðgun er nauðgunarárásin miðpunkturinn í vitund konunnar. Þegar frá líður þokast minningin um nauðgunina til hliðar og konur reyna að lifa lífinu eins og þær gerðu fyrir nauðgun. Margar konur vilja þá ógjarnan tala um reynslu sína en reyna að gleyma henni. En nauðgun hefur svo djúpstæð áhrif á tilfinningalíf kvenna og sjálfsmynd þeirra, að þeim tekst sjaldnast að gleyma henni án þess að tilfinningaleg úrvinnsla eigi sér stað. Það er því algengt að utanaðkomandi atvik eða innri spenna verði til þess að leysa minninguna um nauðgunina aftur úr læðingi, jafnvel mánuðum eða árum eftir nauðgunina og þá hefst glíman við afleiðingarnar á ný.

Sá tími sem konur þurfa til að ná aftur tökum á lífinu eftir

fyrstu áfallsviðbrögðin er breytilegur og einstaklingsbundinn. Sumar konur virðast að mestu geta komist hjá alvarlegum eftirköstum nauðgana, geti þær frá upphafi sagt við sjálfar sig af fullri sannfæringu „nauðgunin var ekki mér að kenna, ég ber ekki ábyrgð á henni.“ Þær skilgreina nauðgunina fyrir sjálfum sér sem ópersónulega árás sem hvaða kona sem er hefði getað orðið fyrir. Reiðin yfir óréttinum beinist ekki að þeim sjálfum, hún finnur sér farveg þangað sem hún á að leita, að nauðgaranum.

Efst í huga flestra kvenna eftir nauðgun eru þó spurningar eins og hvers vegna kom þetta fyrir mig? Af hverju ég? Af hverju sá ég ekki fyrir hvað mundi gerast og hvað hefði ég getað gert til þess að koma í veg fyrir nauðgunina? Konur byrja þannig oftast á að leita skýringa á nauðguninni hjá sjálfum sér og líta á hana sem persónulega árás, þ.e. að nauðgunin beinist að þeim sem persónum vegna einhvers í fari þeirra sjálfra. Ástæður þessa eru vafalítið félagsmótun og valdalítill staða kvenna og ríkjandi fordómar gagnvart fórnarlömbum nauðgana.

Þegar konur skilgreina nauðgunina fyrir sjálfum sér sem persónulega árás er oft stutt í sektarkenndina. Sektarkenndin getur verið tengd því hvaða augum konan lítur sjálfa sig, hvernig hún metur rétt sinn til þess að hafa stjórn á eigin aðstæðum og líkama. Sektarkenndin getur líka verið tengd því hvernig konan upplifir mat annarra á sér.

Þetta þýðir ekki að konur gefist upp, innra með þeim blundar reiði yfir þeim órétti, lítilsvirðingu og ofbeldi, sem þær hafa verið beittar, þó reiðin beinist oft að þeim sjálfum. Þegar konur geta farið að nota reiðina til að byggja sig upp og

láta reyna á styrk sinn, getur reiðin verið af hinu góða þó hún fái ekki útrás gagnvart nauðgaranum persónulega. Að komast yfir afleiðingar nauðgunar er sem sagt ferli sem tekur konur mislangan tíma að glíma við. Ákveðnar aðstæður, sem vikið verður að hér að neðan, virðast þó alltaf hafa áhrif á hversu langur sá tími verður.

Helstu eftirköst nauðgana sem konur glíma við eru brotin eða skert sjálfsmynd, sektarkennd, erfiðleikar í kynlífi og þunglyndi. Flestum konum sem er nauðgað finnst að nauðgunin spilli þeim, þær séu annars flokks, „skemmd vara“ eftir nauðgunina. Sjálfsmat þeirra og sjálfsmynd riðlast og traust þeirra á körlum bíður oft varanlega hnekki. Afleiðingar neikvæðrar sjálfsmyndar og þess að njóta ekki stuðnings eftir nauðgun geta stundum orðið til þess að konur skaða sjálfar sig vitandi vits fyrstu mánuðina eftir nauðgunina. Stundum grípa konur líka til þess að misnota áfengi eða lyf til að deyfa sársaukann þegar þannig stendur á.

Erfiðleikar í kynlífi tengjast þessum þáttum svo og því hvernig tilfinningar kvenna eru til eigin líkama eftir nauðgunina. Finnist konum að líkama þeirra hafi breyst, hafi verið skemmdur eða niðurlægður varanlega, finnst þeim að öðrum hljóti að finnast þær ógeðslegar og/eða að aðrir særi þær eða vinni þeim tjón á ný.

Það sem skiptir sköpum þegar unnið er úr erfiðleikum í kynlífi er að báðir aðilar leggi sig fram og sýni gagnkvæman skilning, þolinmæði og vilja til að ræða nauðgunina og þær tilfinningar sem kynmök vekja. Ótrúlega margar konur, að ekki sé talað um karla, eiga erfitt með að gera sér grein fyrir að

nauðgun hefur áhrif á samband kynjanna og að neikvæðar tilfinningar kvennanna til líkama síns hafi áhrif á kynlíf þeirra.

Finnist konum á hinn bóginn að nauðgunin hafi verið tilviljun, ópersónuleg árás, sem ekki skaðaði sjálfsmynd þeirra, þegar þær geta látið í ljós reiði út í aðra og þegar þær hafa góðan stuðning, ganga þessar neikvæðu tilfinningar til líkamans fyrr yfir. Konur geta þá smám saman viðurkennt að þær séu áfram aðlaðandi, að þær hafi kynferðislegar tilfinningar og langanir, án þess að þær tengist minningunni um nauðgunina.

Þunglyndi, depurð og sorg eru eftirköst nauðgunar sem margar konur glíma við. Þunglyndi eftir nauðgun getur orðið langtímavandamál fái konur ekki góðan stuðning, þrengi þær niður öllum tilfinningum fyrst eftir nauðgunina og geti þær ekki fengið útrás fyrir reiði og aðrar tilfinningar í garð nauðgarans og annarra. Það skiptir því miklu máli að konur eigi kost á stuðningi sem miðar að því að aðstoða þær við að tjá tilfinningar og líta á nauðgunina sem ópersónulega árás.

Þunglyndið er svörun við því að finnast maður ekki hafa neina stjórn á lífi sínu og tilveru en einnig viðbragð við reiði sem beinist inn á við. Þunglyndi og depurð leiða oft til sjálfsvígstilrauna, kvíða, svefntruflana, óvirkni, einangrunar og það viðheldur litlu sjálfsmati.

Aðstæður sem hafa áhrif á afleiðingar nauðgana

Ætla mætti að það hversu miklu ofbeldi er beitt við nauðgun væri áhrifamikill þáttur varðandi afleiðingar nauðgana og glímu kvenna við þær. Svo virðist þó ekki vera. Þættir eins og það hvort konan þekkir nauðgarann eða ekki, hvernig

hann skilur við konuna eftir nauðgunina, hvort hún segir frá nauðguninni og þá hverjum og hvernig þeir bregðast við, virðast ekki síður hafa mikil áhrif á hvernig konum gengur að vinna úr afleiðingum nauðgunar. Skýringanna er vafalaust að leita í áhrifum þessara þátta á það hvernig konum gengur að endurheimta sjálfsvirðingu sína og tilfinninguna fyrir því að hafa stjórn á lífi sínu.

Þekki konan nauðgarann eða ef hann er henni nákominn takmarkar það oft valkosti konunnar eftir nauðgunina. Það skiptir máli hvort líklegt sé að hún hitti nauðgarann aftur og neyðist til að umgangast hann. Það hefur áhrif á val hennar á trúnaðarmanni svo og hvort hún hugleiðir að kæra nauðgunina og síðast en ekki síst hafa tengslin við nauðgarann áhrif á hvort nauðgunin brýtur niður traust konunnar á fólki fremur en traust hennar á hæfni sinni til að meta aðstæður.

Það hvernig nauðgarinn skilur við konu eftir að nauðgunin er afstaðin, veldur einnig miklu um hvernig henni gengur að jafna sig eftir ofbeldið. Viðskilnaðurinn getur verið með ýmsu móti. Nauðgarinn getur lokið nauðguninni með ógnunum sem ýmist beinast að konunni sjálfri og/eða þeim sem næst henni standa, t.d. börnum hennar. Með því að beita ógnunum tryggir nauðgarinn sér yfirhöndina og fulla stjórn á aðstæðum allt til loka. Ógnanir valda miklu hugarangri, einkum fyrst eftir nauðgun. Þær hafa áhrif á hvort, hverjum og hvenær kona segir frá nauðgun. Auk þess hafa þær áhrif á hvort kona kærir nauðgun.

Ljúki nauðgun á hinn bóginn á þann veg að konan fái að fara eins og ekkert hafi gerst, þegar nauðgarinn er búinn að

ljúka sér af, veldur það oft sektarkennd. Nauðgarinn virðist velja slíkan endi meðvitað til þess að reyna að rugla dómgreind konunnar svo hún segi síður frá nauðguninni. Þegar svona stendur á eykur viðskilnaður nauðgarans á auðmýkinguna og lítilsvirðinguna, sem fylgir því að vera nauðgað, og konum finnst þær hafa enn minni stjórn á aðstæðum. Dæmi: Nauðgarinn skildi við konu liggjandi á gólfinu heima hjá henni eftir nauðgunina og tuldraði um leið og hann gekk burt „við sjáumst.“ Þessi kona lýsti tilfinningum sínum þannig: „Ég veit ekki við hverju ég bjóst, afsökun, ógnun eða einhverju sem hefði gefið til kynna að hann gerði sér grein fyrir hvað hann hafði gert. Það að hann sagði þetta, jók einmanakennd mína og auðmýkingu meira en nokkuð annað.“ Svipaðar tilfinningar fylgja því ef nauðgarinn lýkur nauðguninni með gamanyrði eða er vingjarnlegur allt til loka. Nauðgarinn er ekki aðeins að nauðga, hann ætlar sér að rugla mat konunnar á því sem hefur gerst og skilgreina það sjálfur.

Stundum enda nauðganir jafn skyndilega og þær byrja vegna þess að nauðgarinn er truflaður. Þó það sé í sjálfu sér léttir fyrir konuna, getur það líka orðið til þess að einhver annar tekur alla stjórn í sínar hendur. Aðeins þær konur sem geta af eigin rammleik flúið frá nauðgaranum hafa á tilfinningunni að þær hafi sjálfar getað bundið enda á nauðgunina. Það léttir konum að ráða við eftirköst nauðgunartilraunarinnar.

Það skiptir miklu máli um það hvernig konum tekst að glíma við afleiðingar nauðgana að þær geti valið og haft fulla stjórn á hvort, hvenær og hverjum þær segja frá nauðgun. Velji konan sjálf trúnaðarmann er það einnig líklegra

til að tryggja konunni góðan stuðning án þess að hún þurfi að láta stjórntaumana í hendur trúnaðarmanns síns. Hafi konur ekkert val í þessu efni finnst þeim þær auðsæranlegri og glíman við að ná aftur stjórn á lífinu verður langvinnari.

Miklu máli skiptir því hvernig brugðist er við þegar kona segir frá nauðgun. Finnist henni að sá sem hún talar fyrst við um nauðgunina mæti henni með vantrú eða skilningsleysi leiðir það oft til þess að henni finnst erfitt að leita stuðnings og aðstoðar annars staðar. Það getur líka haft í för með sér að konan tali ekki um nauðgunina, leyni henni og berjst ein við afleiðingar hennar.

Næst verður vikið að því hvernig aðstandendur og vinir geta best veitt fórnarlömbum nauðgunar stuðning.

5. STUÐNINGUR AÐSTANDENDA OG VINA

Þú getur hjálpað

Hér að framan hefur aftur og aftur verið vikið að mikilvægi þess að kona, sem hefur verið nauðgað, eigi aðgang að stuðningspersónu, sem hún sjálf treystir og velur. Stígamót veita konum sem verða fyrir nauðgun og aðstandendum þeirra stuðning og ráðgjöf eins lengi og þau sjálf kjósa. Flestar konur, sem hefur verið nauðgað, leita eftir stuðningi einhverra, sem þær treysta. Sumar konur leita til vinkonu og/eða aðstandenda, aðrar kjósa að halda nauðguninni leyndri fyrir sínum nánustu en leita stuðnings annars staðar, t.d. til Stígamóta. Enn aðrar leita stuðnings hjá báðum þessum aðilum. Ákvörðunin um hvort og hvert hún leitar stuðnings á alltaf að vera konunnar.

Umhugsunin um nauðgun vekur hjá mörgum andstæðar

tilfinningar og viðhorf gagnvart konu sem hefur verið nauðgað. Tilfinningar eins og samúð, löngun til að vernda, ásökun, viðbjóður, fyrirlitning, reiði, depurð og vonleysi kunna að skjóta upp kollinum. Orðið eitt er sem sagt tilfinningahlaðið og vekur oft fordóma. Stuðningur nýttist því aðeins konum að hann byggji á fordómaleysi, stjórnist ekki af ríkjandi goðsögnum og að frásögn þeirra sé trúað. Þegar við stöndum frammi fyrir konu sem hefur verið nauðgað er óhjákvæmilegt að taka afstöðu. Trúum við frásögn konunnar? Ef ekki, þá tökum við í raun afstöðu með nauðgaranum.

Inntakið í stuðningi við brotþola nauðgunar á að vera:

- **að koma til skila að konan beri ekki ábyrgð á að henni var nauðgað, að nauðgun sé aldrei hægt að réttlæta,**
- **að gera konunni ljóst að maður skilji að hún hafi gert allt sem hún gat til að berjast á móti nauðguninni,**
- **að fullvissa konuna um að fæstum takist að verjast nauðgunar-árás en að hún muni smám saman aftur ná fullri stjórn á lífi sínu,**
- **að láta í ljós að konan sé jafnmikils virði þótt hún hafi orðið fyrir þessari erfiðu reynslu.**

Konur, sem hefur verið nauðgað, eru að jafnaði einkar viðkvæmar fyrir viðbrögðum annarra. Einkum á þetta við ef þær eru haldnar sektarkennd eða skammtilfinningu eða þeim finnst að þær hafi breyst við nauðgunina. Margar konur óttast einnig að þeim verði ekki trúað eða að skoðanir annarra á

þeim breyttist. Það er því nauðsynlegt að samræmi sé milli orða okkar og æðis. Hversu vel viðeigandi sem orð okkar kunna að vera, verða þau marklaus ef svipbrigði okkar eða látbragð eru ekki í fullu samræmi við það sem við segjum. Stuðningsaðilar verða því að vera heilir og sannir í stuðningi sínum.

Allur stuðningur á að miðast við og stuðla að því að konan nái aftur þeirri stjórn á lífi sínu sem hún missti við nauðgunina. Gullin regla er því *að taka ekki ráðin af konunni*. Vel meintar ákvarðanir og framkvæmdir vina, fjölskyldu og fagfólks geta verið nánast eins ógnandi og nauðgunin séu þær ekki teknar og gerðar í fullu samráði við konuna. Það fyrsta sem við verðum því að temja okkur er að taka ekki stjórnina, hversu freistandi sem það kann að virðast að „gera eitthvað.“

Það besta sem við getum gert er að *hlusta, hvetja konuna til að tjá sig um atburðinn og tilfinningar sínar og að vera til staðar fyrir hana*. Við verðum einnig að reyna að setja okkur í hennar spor, reyna að horfa á hlutina frá hennar sjónarhorni. Nauðsynlegt er að minnast þess að það er mikilvægt skref í átt að því að konan nái aftur stjórn á lífi sínu og glími við afleiðingar nauðgunarinnar að hún geti talað um nauðgunarárásina. Smáatriðin í nauðguninni skipta konur miklu máli og að geta talað um þau aftur og aftur er besta leiðin til að komast yfir eftirköstin.

Eigi kona erfitt með að byrja að tala um árásina og viðbrögð sín við henni, getum við reynt að hvetja hana til að tala með því að spyrja hana út í atburðina. Vilji kona ekki tala um nauðgunina, verðum við að koma til skila til hennar að við virðum þá

ákvörðun hennar en að við séum tilbúin að aðstoða hana og tala um hlutina þegar hún vilji.

Miklu skiptir að minnast þess að nauðgunin hefur svipt konuna traustinu á hversdagsöryggi daglegs lífs, breytt sjálfsmati hennar og mati hennar á eigin aðstæðum. Það er ekki konan sjálf sem hefur breyst, ekki persónuleiki hennar, heldur skilningur hennar á sjálfri sér, samskiptum fólks og stöðu hennar í heiminum. Ein ung kona orðaði þetta svo að hún hefði glatað sakleysi sínu þegar henni var nauðgað.

Ekki má gleyma mikilsverðum þætti í stuðningi aðstandenda og vina við konu sem hefur verið nauðgað en það er alls kyns praktískur stuðningur veittur í samráði við konuna. Sem dæmi má nefna aðstoð við að létta af henni tímabundið daglegum skyldum svo sem barnaumönnun og vinnu. Einnig er mikilvægt að aðstoða konuna við að tryggja líkamlegt öryggi sitt þannig að hún eigi auðveldara með að byggja aftur upp öryggistilfinningu og ná stjórn á lífi sínu. Þarfirnar varðandi öryggisráðstafanir eru misjafnar eftir því hvort nauðgunin á sér stað heima eða annars staðar og eftir því hvort nauðgarinn er ókunnugur eða kunnugur.

Skriptir kyn stuðningsmanns máli?

Óumflýjanlegt er að minnast hér á kyn þess sem hjálpar og veitir stuðning. Flestar konur leita stuðnings hjá kynsysturum sínum, vinkonum og aðstandendum. Ástæðan er vafalaust sú að þær vænta meiri skilnings og stuðnings frá þeim en körlum og finnst jafnframt auðveldara að tala við þær um reynslu sína. En karlar koma líka við sögu kvenna sem er nauðgað. Þeir eru

eiginmenn, elskhugar, feður, bræður og vinir þeirra. Samskipti við þá verða brotaþolum nauðgunar oft vandamál. Sumir karlar eru afar vanbúnir því að veita tilfinningalegan stuðning og að tala um tilfinningar. Þeir kunna einnig að finna til sambands reiði og sektarkenndar yfir því að kynbræður þeirra nauðgi.

Almennt eru karlar vanari því en konur að taka af skarið. Þá er stutt í að bregðast við með því að segja „það sem þú átt að gera er . . .“ Að gera eitthvað, að segja öðrum fyrir verkum, finnst mörgum auðveldari leið en að horfast í augu við að ekkert er hægt að gera annað en að vera til staðar.

Öllum finnst okkur vafalaust erfitt að sitja bara og horfa á konu gráta. Að leyfa einhverjum að gráta ótruflað er ekki skeytingarleysi. Það er stuðningur fólgin í því að gefa konunni svigrúm til þess að sýna tilfinningar sínar. Í því felst að vera í tengslum við hana, einbeita sér að henni, hugsa um hana, virða tilfinningar hennar og sýna hluttekningu sína.

Eina vitneskja sumra karla um nauðgun kann að byggja á goðsögnum og fordómum, er sem sagt byggð á sjónarhorni nauðgara, og það getur ruglað þá í ríminu ætli þeir að veita konu stuðning. Þeir kunna t.d. að óttast að konan hafi notið þess að vera nauðgað. Karlar verða að gera sér grein fyrir að skilningur þeirra á nauðgun er oft ekki í samræmi við reynslu kvenna af nauðgun. Nauðgun er ekki kynlíf. Að spyrja konu hvort hún hafi notið nauðgunar er hliðstætt því að spyrja þann sem hefur verið barinn í klessu hvort það hafi ekki verið gott.

Sá karlmaður getur ekki veitt stuðning sem lítur á nauðgun sem kynlíf, finnst hún æsandi og kitlandi og/eða finnst eðlilegt að líta svo á að eign þeirra (konunni) hafi verið spillt.

Rétt og skylt er í þessu sambandi að taka fram að sumar konur sem hefur verið nauðgað hafa notið ómetanlegs stuðnings nákominna karla í glímunni við eftirköst nauðgunar.

Boðskapurinn til allra sem vilja veita þeim sem hefur verið nauðgað stuðning og hjálp er í hnotskurn þessi:

- **að vera til staðar og hlusta**
- **að spyrja hvað þú getir gert**
- **að leyfa konunni að finna sína eigin leið**
- **að taka ekki stjórnina af konunni**

6. HVAÐ ERU KONUR LENGI AÐ NÁ SÉR EFTIR NAUÐGUN?

Að sjálfsögðu eru ekki til nein ákveðin tímamörk um það hve langan tíma það tekur fyrir konu að ná sér eftir nauðgun. Þó ýmsir þættir í viðbrögðum kvenna við nauðgun séu sameiginlegir, þá er nauðgun einnig sérstæð persónuleg reynsla hvernar konu um sig.

Með þessa fyrirvara í huga má segja að það taki konu að jafnaði í það minnsta eitt ár að ná sér eftir nauðgun. Atvik sem tengjast nauðguninni, svo sem það að mæta fyrir dómi og rifja atburðinn aftur upp, geta leitt til þess að líðan versni um tíma jafnvel þó að konunni finnist hún vera komin yfir áfallið.

Þegar talað er um að kona hafi náð sér, byggir það á hennar eigin mati. Hún getur t.d. hugsað um nauðgunina án þess að missa tilfinningalega stjórn. Tilfinningaáhrif nauðgunarinnar eru ekki lengur yfirþyrmandi, það er hægt að gefa þeim nafn og þola þau án uppnáms og tilfinningaróts og án þess að vera

tilfinningalega dofinn. Konan getur haft stjórn á því að muna. Hún getur valið um að muna eða muna ekki atvik sem áður þrengdu sér óboðin í vitundina í formi ógnvekjandi martraða og svipmynda. Dregið hefur úr kvíða og ótta og depurð og kynlífserfiðleikar eru víkjandi. Konan hefur einnig endurheimt tengsl við aðra. Dregið hefur úr einangrunarþörf hennar og traust hennar á öðrum fer vaxandi.

Konan hefur fundið einhvers konar merkingu í áfallinu og skilning á sjálfri sér í tengslum við það. Þegar best lætur geta konur sagt skilið við hugmyndina um að þær séu annars flokks, skemmd vara, eftir árásina. Þær finna þess í stað fyrir persónulegum styrk og sannfæringu um gildi sitt sem einstaklinga. Þær eru sterkari en nokkru sinni fyrr. Konur geta þá orðað, syrgt og sagt skilið við það sem tapaðist við nauðgunarárásina og haldið lífinu áfram. Í stað sjálfsásakana finna þær nú fyrir endurheimtu sjálfsáliti og sjálfsvirðingu. Þær eru ekki lengur fórnarlömb. Þær hafa lifað nauðgunina af líkamlega og tilfinningalega.

II. HLUTI

RÉTTARFARSLEG MEÐFERÐ NAUÐGUNARMÁLA

1. HEGNINGARLÖG OG NAUÐGUN

Nauðgun hefur verið refsivert athæfi allt frá ritunartíma Gamla testamentisins. Lengi vel endurspegluðu ákvæði hegningarlaga um nauðgun þann skilning að litið var á hana sem þjófnað, brot á eignarétti karla á konum, eiginkonum og/eða dætrum. Nauðgun dró úr verðmæti kvenna sem skiptivöru í viðleitni karla til að tryggja tengsl og mágsemdir milli ætta. Dætur sem urðu fyrir nauðgun voru t.d. stundum gefnar nunnuklaustrum eða þær giftar nauðgaranum.

Smám saman breyttust lög in í áttina að þeim viðhorfum sem ríkja nú, þ.e. að konan sjálf hafi orðið fyrir skaða. Allt fram á þessa öld var þó litið á nauðgun sem rán á meydómi og hreinleika konunnar. Fyrir lögnum var konum þá skipt í þær sem töldust heiðvirdar og siðprúðar og þær sem skilgreindar voru léttúðugar. Að nauðga konu úr síðari hópnum taldist þá engin

sérstök goðgá. Lögin litu jafnfram áfram á konur og börn sem eign eiginmanns svo gengið var frá slíkum málum milli karla, ýmist sem einkamáli eða fyrir rétti, en skaðabætur runnu til eigandans, þ.e. karlsins.

Í dag er skilningur laganna á nauðgun á þann veg að hún raski réttarhagsmunum brotþola, svo sem athafna- og persónufrelsi þeirra. Það er og litið á konuna sem fullgildan einstakling sem brotið hefur verið gegn. Þrátt fyrir það virðist fordóma og trú á goðsagnir, sem rekja má til eldri lagaskilnings á nauðgunum, enn gæta hjá sumum starfsmönnum réttarkerfisins. Þeir fordómar hafa vafalítið áhrif á meðferð nauðgunarmála í réttarkerfinu.

Hér á eftir verður fjallað um þær greinar almennra hegningarlaga sem taka til nauðgunar.

Almenn hegningarlög

Lagaákvæðin um nauðgun sem refsivert brot er að finna í XXII (22.) kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þessi kafla hegningarlaga var nýlega endurskoðaður og samþykktur sem lög nr. 61/2007. Í 194. grein er að finna skilgreiningu og refsiakvæði laganna um nauðgun. Greinin er á þessa leið:

„Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmætri nauðung gerist sekur um nauðgun og skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Til ofbeldis telst svipting sjálf-ræðis með innlokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.

Það telst einnig nauðgun og varðar sömu refsingu og mælt er fyrir

um í 1. mgr. að notfæra sér geðsjúkdóm eða aðra andlega fötlun manns til þess að hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök, eða þannig er ástatt um hann að öðru leyti að hann getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans.“

Lagaskilgreiningin á nauðgun tekur mið af því hvernig að nauðguninni er staðið en ekki því að konur sem verða fyrir nauðgun upplifa hana alltaf sem ofbeldi, vilji þeirra er brotinn á bak aftur, án tillits til þess hve miklu ofbeldi, hótunum eða annarri ólögumætri nauðung er beitt í hverju tilviki.

Margir, þar á meðal við á Stígamótum, hafa bent á að ákvæði hegningarlaga um nauðganir og annað kynferðisofbeldi endurspegli fremur hugmyndir karla um hvað felist í nauðgun en reynslu kvenna af þeim.

2. RÉTTARFARSLEIÐIN

Lög um meðferð sakamála

Í núgildandi lögum nr. 88/2008, um meðferð sakamála (hér eftir sakamálalög), er kveðið á um meðferð sakamála á rannsóknar- og dómstigi. Samkvæmt lögnum hefur lögregla með höndum rannsókn kynferðisbrotamála, ríkissaksóknari fer með ákærvaldið í þeim og dómstólar dæma um sekt eða sakleysi hins ákærða. Nauðganir eru opinbert sakamál og fellur öll meðferð þeirra því undir þessi lög. Þær tiltölulega fáu nauðganir sem kærðar eru hér á landi fá því mestan part sömu meðferð í réttarkerfinu og önnur sakamál, t.d. skjalafals. Það særir réttlætiskennd margra, að þessu skuli svo varið, enda ólíku saman að jafna.

Hér verður málsmeðferð í nauðgunarmálum rakin í stórum dráttum. Eins og ljóst verður af þeirri umfjöllun er kærufarlið erfitt. Vonandi verður umfjöllunin þó ekki til þess að draga kjark úr konum, heldur hvatning til að standa saman að kröfum um úrbætur.

Réttargæslumaður

Í sakamála lögum er sérstakur kafli (V. kafli) um brotaþola og réttargæslumann. Samkvæmt honum er lögreglu skylt að tilnefna réttargæslumann við rannsókn kynferðisbrotamáls, óski brotaþoli þess. Sé brotaþoli yngri en 18 ára þegar rannsókn hefst, er lögreglu þó alltaf skylt að tilnefna réttargæslumann (41. gr.). Á það skal bent að við tilnefningu réttargæslumanns skal að jafnaði farið eftir ósk brotaþola um val á réttargæslumanni og því er mögulegt fyrir brotaþola að velja sér réttargæslumann og taka hann með sér til lögreglu þegar kært er. Ef lögregla neitar eða trassar að tilnefna brotaþola réttargæslumann, getur hann eða lögráðamaður hans leitað aðstoðar dómara og óskað eftir að hann tilnefni réttargæslumann (2. mgr. 43. gr.). Í öllum tilvikum á brotaþoli í máli því rétt á að hafa réttargæslumann sér til stuðnings sér að kostnaðarlausu meðan málið er í meðferð í réttarkerfinu.

Réttargæslumaður skal vera lögmaður ef þess er nokkur kostur (44. gr.). Hlutverk hans er að gæta hagsmuna brotaþola og veita honum aðstoð í málinu. Mikilvægast í þessu sambandi er sú skylda sem hvílir á réttargæslumanni að móta bótakröfu fyrir brotaþola, koma henni á framfæri við ákærvaldið og

fylgja henni eftir fyrir dómi (45. gr.). Réttargæslumaður á mjög takmarkaðan rétt til að tjá sig fyrir dómi að öðru leyti en því sem snýr að bótakröfu. Honum er þó heimilt að óska eftir því að dómari beini spurningum til brotaþola, ákærða eða vitna fyrir dómi að því er varðar einkaréttarkröfur skjólstaðings hans. Honum er einnig ætíð heimilt að vera viðstaddur þegar skýrsla er tekin af brotaþola svo og að vera viðstaddur öll þinghöld í málinu. Meðan á rannsókn máls stendur á réttargæslumaður rétt á að fá aðgang að þeim gögnum máls sem eru nauðsynleg til að gæta hagsmuna brotaþola við gerð bótakröfu í málinu. Þegar mál hefur verið þingfest fyrir dómi á hann rétt á, leyfi dómari það, að fá aðgang að öllum gögnum þess og að láta brotaþola í té afrit af þeim (47. gr.).

Ótvírætt er að þessi ákvæði um réttargæslumann eru til mikilla bóta fyrir brotaþola í kynferðisbrotamáli. Þau tryggja réttarstöðu þeirra betur en áður var og eiga að leiða til þess að brotaþoli skilji betur þetta flókna kerfi og þær reglur sem þar gilda og hann verður þátttakandi í um leið og kæra er lögð fram.

Kært til lögreglu

Ákveði kona, 15 ára eða eldri, að kæra nauðgun ber hún kærana fram við lögreglu í því lögregluumdæmi sem nauðgunin átti sér stað. Lögreglu ber að hefja rannsókn á öllum kærum og hefst rannsóknin yfirleitt með því að lögregla tekur skýrslu af konunni um atburðinn. Stundum þarf kona að mæta oftast en einu sinni til skýrslutöku og samprófunar við framburð þess sem kærður er. Samprófun í nauðgunarmálum felst yfirleitt

í því að konunni er kynntur framburður þess sem hún hefur kært og henni gefinn kostur á að gera athugasemdir við framburð hans (VIII. kafli sakamálagaga).

Lögregluskýrslurnar sem teknar eru af konunni, meintum ofbeldismanni og hugsanlegum vitnum, eiga að gefa eins nákvæma mynd af því sem gerðist og auðið er. Í VII. kafla sakamálagaga eru almennar reglur um rannsókn, þar kemur m.a. fram að rannsaka skuli og afla allra tiltækra gagna um verknaðinn. Sönnunargögn geta komið fram á líkama konunnar við læknisskoðun, þau geta líka verið föt sem konan var í þegar henni var nauðgað og/eða þau geta fundist á vettvangi. Því fyrr sem nauðgun er kærð, eftir að hún hefur verið framin, því líklegra er að einhver sönnunargögn finnist sem stutt geti framburð og kæru konunnar (VII, IX. og X. kafli sakamálagaga).

Um leið og kona hefur gefið lögreglu skýrslu um að henni hafi verið nauðgað, tekur réttarkerfið málið að sér og rekur það en konan verður vitni í eigin máli (sjá um brotþola sem vitni hér að aftan).

Telji lögreglan ekki efni til að hefja rannsókn eða grundvöll til að halda henni áfram, getur hún ákveðið að vísa kæru frá eða fella rannsókn niður en verður þá að tilkynna það konunni og benda henni á þann rétt sem hún hefur lögum samkvæmt, þ.e. að bera synjunina undir ríkissaksóknara sem þá hefur

1. Ákvæði um héraðssaksóknara kom nýtt inn í nýju sakamálagögin en embættið hefur enn ekki tekið til starfa. Skv. VII. og VIII. ákvæði til bráðabirgða eru ákærndur ríkissaksóknari og lögreglustjórar fram til 1. janúar 2012. Þannig að þegar hér er talað um ríkissaksóknara á það við allt þar til að embætti héraðssaksóknara hefur tekið til starfa en þá fer héraðssaksóknari með ákærvald í málum er varða brot á XXII. kafla hegningarlaga.

síðasta orðið um afdrif málsins¹. Kæra til ríkissaksóknara vegna niðurfellingar máls á rannsóknarstigi verður að berast honum innan eins mánaðar frá því að tilkynning um niðurfellingu berst brotþola og ríkissaksóknari verður síðan að taka afstöðu til kærunnar innan mánaðar frá því að hún berst honum (4., 5. og 6. mgr. 52. gr. gr. (niðurfelling)).

Læknisskoðun

Sé kæra borin fram stuttu eða strax eftir nauðgun er læknisskoðun nauðsynlegur hluti af rannsókn málsins. Læknisskoðunin er tvíþætt. Annars vegar miðar hún að því að kanna líkamlega áverka sem konan kann að hafa orðið fyrir. Hins vegar fer fram kvenskoðun og réttarlæknisfræðileg skoðun. Tilgangur slíkra skoðana er að kanna hugsanlega áverka á innri og ytri kynfærum konunnar, taka sýni vegna hugsanlegrar kynsjúkdómasmitunar og loks að leita að og taka sýni af sæði nauðgarans eða öðru því sem hann kann að hafa skilið eftir sig á líkama konunnar, svo sem hárum, blóði eða húðögnum. Læknisskoðunin er ekki aðeins í þágu rannsóknar málsins. Hún er líka heilsufarslegt öryggisatriði fyrir konuna. Við læknisskoðun eru einnig oft teknar myndir af áverkum og þær síðan notaðar sem sönnunargögn í málinu. Á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri eru starfandi neyðarmóttökur fyrir brotþola nauðgunar og þar fer fram sérhæfð réttarlæknisfræðileg læknisskoðun eins og lýst er hér að ofan.

Læknisskoðun getur leitt í ljós ýmislegt sem styrkir frásögn konunnar. Til þess að spilla ekki sönnunargögnum er lögð áhersla á að konur fari ekki í bað eftir nauðgun fyrr en læknis-

skoðun og sýnataka hefur farið fram. Það reynist mörgum konum erfitt, því eitt af því fyrsta sem kemur í hugann eftir nauðgun er einmitt að geta þvegið ummerki hennar af sér sem fyrst. Fatnaður, sem konan var í þegar henni var nauðgað, getur líka haft sönnunargildi, sjáist á honum ummerki átaka. Konum verður það oft efst í huga að fleygja þessum fötum. Ráðlegt er að geyma þau fremur og fá þau lögreglu til rannsóknar ásamt öðrum gögnum tengdum nauðguninni, t.d. tíðabindum eða tíðatöppum. Þá er einnig mikilvægt að hreinsa ekki eða farga sakargögnum á sakarvettvangi s.s. rúmfatnaði, húsgögnum, húsbúnaði, tækjum og tólum.

Skýrslutaka og læknisskoðun reyna yfirleitt mjög á konur og þá er ómetanlegt að hafa einhvern með sér sem þær treysta og velja sjálfar. Sú starfsvenja hefur skapast hjá lögreglu þegar kona gefur skýrslu og fer í læknisskoðun að hún geti haft með sér þá eða þann, sem hún velur, sem stuðningspersónu sér til halds og trausts.

Ákærandi

Rannsaki lögreglan nauðgunarkæru til loka og telji hún að málið geti leitt til saksóknar, sendir hún það til ákærvaldsins, sem ákveður hvort ákæra skuli í málinu. Með ákærvaldið í kynferðisbrotamálum fer ríkissaksóknari (til. 1. janúar 2012, þá héraðssaksóknari) (23. gr. sakamálalaga). Telji ákærandi málið ekki ákæruhæft, t.d. vegna skorts á sönnunargögnum, fellir hann málið niður. Hvorki er honum skylt að tilkynna kæranda niðurfellinguna né að gefa skýringar á henni. Í lögunum segir að hann skuli tilkynna það sakborningi „og ef því er að skipta

brotapola, enda liggi fyrir hver hann er.“ (147. gr. 1. mgr. sml). Ákærandi þarf að rökstyðja ákvörðun sína með vísan til við-eigandi ákvæða 146. gr. en ekki þarf að rökstyðja hana frekar nema brotapolí krefjist þess sbr. 2. mgr. 40. gr. sakamálalaga.²

Í 3. mgr. 40. gr. sakamálalaga er að finna ákvæði um að ákæranda beri að tilkynna brotapolá þegar gefin hefur verið út ákæra í máli og einnig ber honum að tilkynna brotapolá niðurstöður dóms, „ef því er að skipta, eða afdrif máls að öðru leyti enda hafi hagsmuna hans ekki verið gætt fyrir dómi“. Þá ber ríkissaksóknara einnig að tilkynna brotapolá um að hann hafi áfrýjað dómi héraðsdóms til Hæstaréttar (4. og 5. mgr. 201. gr. sakamálalaga).

Héraðsdómur

Komist ákærandi að þeirri niðurstöðu að mál sé ákæruháft, gefur hann út ákæru á hinn grunaða og sendir málið og öll gögn tengd því til héraðsdómara. Mál er jafnan sótt í þeim héraðsdómi sem lögsögu hefur á þeim stað þar sem brotið var framið.

Málsmeðferð fyrir dómi hefst með því að ákæra er birt. Síðar er skýrsla tekin af ákærða og vitnum og í beinu framhaldi af því fer fram munnlegur málflutningur.

Almenna reglan er að dómþing skuli háð í „heyranda hljóði“ (10. gr. sakamálalaga), þ.e. að það sé öllum opið. Undantekningar eru þó frá þessari reglu. „Dómari getur þó ákveðið, að

2. Þegar og ef verður af því að embætti héraðssaksóknara verði stofnað þá er heimild til þess skv. 3. mgr. 147. gr. að kæra ákvörðun héraðssaksóknara um niðurfellingu máls til ríkissaksóknara.

eigin frumkvæði eða eftir kröfu ..[...] að þinghald fari fram fyrir luktum dyrum....“ (10. gr. sml) þegar sérstaklega stendur á, t.d. til hlífðar brotaþola, vitnum eða öðrum sem málið varðar. Brotaþoli getur sem sagt gert kröfu um að þinghald í máli hans fari fram fyrir luktum dyrum en lokaákvörðun um það er í höndum dómara. Venjan er að í kynferðisbrotamálum fari réttarhöld fram fyrir luktum dyrum og er þá væntanlega vísað til þess að hlífa beri brotaþola.

Vert er að minnast á 1. mgr. 123. gr. sakamálalaga í þessu sambandi. Í greininni segir að dómari geti vikið ákærða úr réttarsal meðan skýrsla vitnis er tekin ef dómari telur að nærvera sakbornings geti verið vitninu sérstaklega til íþyngingar eða geti haft áhrif á framburð þess. Fulltrúi Stígamóta, sem sæti átti í nefnd sem gerði tillögur um að bæta réttarstöðu brotaþola ofbeldis, reyndi mikið til að fá því framgengt að brotaþoli ætti óskoraðan rétt til þess að sá sem beitt hefði ofbeldinu viki úr réttarsal meðan brotaþoli gæfi skýrslu sína fyrir dómi. Ekki tókst það en flestir dómara hafa skilning á að það sé afar erfitt að gefa skýrslu með meintan ofbeldismann viðstaddan og nota sér þennan rétt sinn brotaþolum í hag.

Að lokinni skýrslutöku fyrir dómi er málið dómtekið og dómur skal að jafnaði kveðinn upp innan fjögurra vikna frá því mál er dómtekið (184. gr. sakamálalaga). Sé hinn ákærði fundinn sekur um nauðgun, dæmir dómari hann til refsingar í samræmi við ákærðuna og þann refsiramma sem viðeigandi ákvæði hegningarlaga segir til um. Í nauðgunarmálum er oftast um að ræða skilorðsbundna eða óskilorðsbundna fangelsisrefsingu.

Ríkissaksóknari ákveður hvort hann vill áfrýja héraðsdómi

til Hæstaréttar (4. mgr. 21. gr. sakamálalaga). Sakborningur á einnig rétt á að áfrýja dómi til Hæstaréttar en þann rétt hefur fórnarlamb kynferðisofbeldis ekki og helgast það af því að brotaþoli hefur stöðu vitnis ákærvaldsins í réttarkerfinu. Hæstiréttur getur vísað máli frá vegna galla á málatilbúnaði.

Dómar Hæstaréttar eru endanlegir dómur og þeir hafa mikið fordæmisgildi á neðri stigum réttarkerfisins. Vægir dómur Hæstaréttar hafa t.d. áhrif á héraðsdóma og þeir hafa líka áhrif á þær kröfur sem gerðar eru í réttarkerfinu til sönnunar í kynferðisbrotamálum. Á Hæstaréttardóma, og héraðsdóma sem ekki er áfrýjað, er einnig nærtækt að líta sem óbein samfélagsleg skilaboð um hvaða augum réttarkerfið lítur glæpinn nauðgun.

Málsmeðferð þegar brotaþolar eru yngri en 15 ára

Eins og áður er getið gilda sérstakar lagareglur í sakamála-lögum um málsmeðferð þegar brotaþolar eru ekki orðnir 15 ára þegar kæra er borin fram. Einnig eru nánari reglur um skýrslutöku í reglugerð 651/2009 um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu ofl. Að lokum gilda reglur nr. 190/2009 um tilhögun skýrslutöku fyrir dómi af vitni samkvæmt 123. gr. laga um meðferð sakamála, einkum ef vitnið er yngri en 15 ára. Í c. lið 1. mgr. 59. gr. sakamálalaga er að finna ákvæði sem heimilar lögreglu að ákveða að skýrslutaka fari fram fyrir dómi ef það er talið æskilegt með tilliti til hagsmuna einstaklings svo sem ef um börn er að ræða. Því má ætla að lögregla ákveði skýrslutöku af einstaklingum undir 18 ára fyrir dómi ef það er talið þjóna hagsmunum þeirra. Einnig er rétt að

geta þess að samkvæmt barnaverndarlögum (2. mgr. 18. gr.) skal gefa fulltrúa barnaverndarnefndar kost á að vera viðstaddur skýrslutöku af barni sem sakborningi í samræmi við ákvæði laga um meðferð sakamála, svo og skýrslutöku af barni sem brotþola og sem vitni. Á þetta við hvort sem skýrslutaka fer fram hjá lögreglu eða fyrir dómi.

Hér verður málsmeðferð í nauðgunarmálum á rannsóknar- og dómsstigi rakin í stórum dráttum þegar í hlut eiga börn yngri en 15 ára eða að metnum hagsmunum barns, börn allt að 18 ára aldri. Nauðgun er þá kærð til lögreglu eða tilkynnt barnaverndarnefnd í því barnaverndar- og/eða lögreglu-umdæmi, sem nauðgunin fór fram í sé barn yngra en 18 ára þegar nauðgunin átti sér stað. Lögreglu ber að hefja rannsókn á öllum kærnum og hefst rannsóknin yfirleitt með því að lögregla tilkynnir viðkomandi barnaverndarnefnd um nauðgunina hafi barnaverndarnefnd ekki áður haft málið til meðferðar. Með tilkomu Barnahúss getur viðkomandi barnaverndarnefnd vísað málinu til Barnahúss til rannsóknar en í síðasta þætti bæklingisins verður gerð grein fyrir starfsemi þess.

Við rannsókn kynferðisbrotamála ber lögreglu að afla allra tiltækra gagna og upplýsinga sem það snerta, þar á meðal frá brotþola, til þess að ákærandi geti ákveðið þegar rannsókninni lýkur, hvort sakborningur verði sóttur til saka eða ekki. Almenna reglan er sú að lögregla tekur skýrslu af sakborningi og vitnum meðan mál er til rannsóknar. Hins vegar eru undantekningar frá þessari reglu um að skýrslutaka skuli fara fram fyrir dómi; ef rannsókn beinist að broti á XXII. kafla hegningarlaga og brotþoli hefur ekki náð 15 ára aldri þegar rannsókn

máls hefst. Lögregla tekur því ekki skýrslu af barni yngri en 15 ára þegar um kynferðisbrotamál er að ræða. Dómari annast þá skýrslutökuna sjálfur eða hann getur kvatt til kunnáttumann sér til aðstoðar við skýrslutöku. Þetta er t.d. gert þegar viðkomandi barnaverndarnefnd hefur vísað máli til Barnahúss. Þar er það sérþjálfaður starfsmaður Barnahússins sem ræðir við brotaþola undir stjórn dómara, sé málið í rannsókn hjá lögreglu. Dómara er ekki skylt að nýta sér þjónustu Barnahúss, hann getur valið annan stað fyrir skýrslutöku en sá staður á að uppfylla ákveðin skilyrði ef þess er nokkur kostur. Samkvæmt 5. gr. reglna nr. 190/2009 skulu innrétting, húsgögn og leikföng á staðnum vera með þeim hætti að barninu líði sem best. Þar á einnig að vera til staðar búnaður til að unnt sé að taka skýrsluna upp á myndband. Jafnframt á húsnæðið að vera þannig úr garði gert að þeir sem ekki eru í því herbergi sem skýrslutakan fer fram í en eiga rétt á að fylgjast með henni, geti gert það um leið og hún fer fram. Þeir eiga að geta heyrt og séð allt sem fram fer í gegnum þar til gert gler eða á sjónvarpsskjá eins og segir í 10. gr. ofangreindra reglna. Þeir sem eiga rétt á að vera viðstaddir skýrslutökuna eru réttargæslumaður brotaþola, fulltrúi lögreglu og barnaverndarnefndar, ríkissaksóknari, verjandi ákærða og hinn ákærði. Ákvæði um þetta er að finna í 15. gr. reglnanna og í 59. og 123. gr. sakamálalaga. Skýrslutaka hjá kynferðisbrot- og rannsóknardeildum lögreglunnar fer stundum þannig fram að frumskýrsla er tekin á Neyðarmóttökunni en lokaskýrsla er tekin síðar í sérútbúinni aðstöðu hjá rannsóknarlögreglu og er lögmaður/réttargæslumaður viðstaddur í bæði skiptin.

Yfirheyrsla og skýrslutaka yfir börnum yngri en 15 ára fer fram í Barnahúsi eða í sérútbúinni aðstöðu í héraðsdómi og fer eftir ákvörðun dómara hverju sinni.

Telji dómari að nærvera réttargæslumanns, fulltrúa barnaverndar eða foreldris geti verið íþyngjandi fyrir brotþola eða geti haft áhrif á framburð hans, getur hann mælst til að þessir aðilar víki úr því herbergi sem skýrslutakan fer fram í en þeim skal þá tryggt að geta fylgst með skýrslutökunni gegnum sjónvarp eða þar til gert gler.

Af sömu ástæðum getur dómari vikið lögreglu, ríkis-saksóknara, ákærða og verjanda hans úr því herbergi þar sem skýrsla er tekin af brotþola. Þegar þetta er gert verður dómari að tryggja að þessir aðilar geti fylgst með skýrslutökunni í gegnum gler eða sjónvarp (10. gr. reglnanna). Þá eiga þessir aðilar einnig rétt á að óska eftir að lagðar verði fram spurningar þeirra fyrir brotþola (11. gr. reglnanna og 2. mgr. 123. gr. saka-málalaga).

Allar þessar flóknu reglur um hvernig taka eigi skýrslu af brotþola, sé hann yngri en 15 ára, eru tilraunir löggjafans til þess að mæta þeirri réttmætu gagnrýni á meðferð mála í réttar-kerfinu sem fulltrúar Stígamóta höfðu forgöngu um á sínum tíma og byggði á reynslu Stígamótafólks af þessu kerfi. Í kjölfar þeirrar gagnrýni kom síðan árið 1997 út skýrsla og tillögur Umboðsmanns barna um breytingar á réttarfarsreglum sem miða áttu að því að styrkja réttarstöðu barna sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi. Árið 1998 skilaði nefnd sem skipuð var af dómsmálaráðuneytinu og hafði það verkefni að athuga réttarstöðu brotþola ofbeldis og gera tillögur til úrbóta, skýrslu

sinni. Lagabreytingarnar sem hér eru raktar byggja á þessum grunni. Jafnframt því að tryggja betur réttarstöðu fórnarlamba kynferðisofbeldis er tilgangur breytinganna að koma í veg fyrir að barn þurfi að segja fjölmörgum fulltrúum kerfisins ítrekað frá ofbeldinu. Barn á sem sagt aðeins að þurfa að segja opinberum aðilum sögu sína einu sinni, þ.e. við skýrslutökuna fyrir dómara. Framburður barnsins er tekinn upp á myndband og það notað við síðari meðferð málsins. Fyrirkomulag þetta er mjög til bóta frá því ófremdarástandi sem ríkti fyrir þessar lagabreytingar varðandi hina opinberu meðferð sifjaspellamála í réttarkerfinu. Enn eru þó atriði í þessu ferli sem vekja spurningar og verður vikið sérstaklega að þeim síðar í þessum kafla, þegar fjallað hefur verið um réttarkerfið í heild.

Lögregluskýrslurnar sem liggja fyrir að lokinni rannsókn lögreglunnar, þ.e. myndband af rannsóknarviðtali við brotaþola, skýrslur teknar af aðstandendum og öðrum þeim sem kunna að þekkja til málsins svo og starfsmönnum barnaverndarnefndar, meintum ofbeldismanni og hugsanlegum vitnum eiga að gefa eins nákvæma mynd af því sem gerðist og auðið er. Lögregla á einnig að afla allra tiltækra sönnunargagna varðandi málið. Sönnunargögn geta komið fram við læknisskoðun á barninu eða þau geta fundist á vettvangi.

Þegar um er að ræða kynferðisbrot og barn hefur ekki náð 15 ára aldri gildir skýrslutaka undir stjórn dómara, sem átt hefur sér stað á rannsóknarstigi málsins, sem framburður brotaþola fyrir rétti nema dómari telji sérstaka ástæðu til (2. mgr. 111. gr. sakamálalaga). Þessar sérstöku ástæður eru annars vegar að aðstæður hafi breyst verulega frá því að skýrsla var tekin

af barninu og hins vegar ef vafi þykir leika á sönnunargildi framburðar þess. Þessa ákvörðun getur dómari tekið að eigin frumkvæði eða eftir kröfu ákæranda eða verjanda ákærða. Dómara er þó ekki skylt að fara eftir kröfu þessara aðila, hann hefur því lokaorðið varðandi þessa ákvörðun. Dómari getur einnig samkvæmt 3 og . gr. reglna nr. 190/2009 ákveðið að barn gefi skýrslu sína í dómssal telji hann brotið smávægilegt og hagsmunum barnsins sé borgið þó skýrslutaka fari fram með venjulegum hætti. Vert er að undirstrika að meginreglan er þó að barn sem beitt hefur verið kynferðisofbeldi þurfi ekki að mæta sem vitni í réttarsal. Aðalreglan er að skýrsla undir stjórn dómara hafi verið tekin áður en málið er flutt fyrir dómi.

Brotapoli sem vitni

Eins og fram hefur komið hér að ofan má segja að einstaklingur sem hefur kært nauðgun til lögreglu missi allt forræði yfir málinu við kærnu. Brotapoli verður í þessu ferli öllu vitni í eigin máli eins og áður er sagt og réttarstaða hans verður í samræmi við það.

Brotapoli skal aðstoða lögreglu eftir fremstu getu við að upplýsa málið en fær engu ráðið um gang þess. Verði ákært í nauðgunarmáli er brotapola, 15 ára og eldri, sem kært hefur nauðgunina, skylt að mæta fyrir dómi sem vitni ákærvaldsins og svara þar spurningum dómara, saksóknara og verjanda sakbornings. Lög um meðferð sakamála tryggja ekki að brotapolu þurfi ekki að mæta nauðgaranum í dómssal meðan hann ber vitni. Hvort svo verður eða ekki er háð ákvörðun dómara eins og áður var vikið að.

Í ljósi þess sem hér hefur verið lýst að ofan um afleiðingar nauðgunar og það tilfinningalega umrót sem hún skapar er vart að undra þó konum sem hefur verið nauðgað, veitist erfitt að ráða við daglegt líf eftir nauðgun, hvað þá að henda reiður á hvað verður um kæru þeirra í réttarkerfinu. Réttarstaða brotaþola hefur batnað með breytingum sem gerðar voru á lögum um meðferð opinberra mála vorið 1999 og síðan með tilkomu sakamálalaga. Réttarkerfinu ber nú að tilkynna brotaþola um ákvarðanir sem það tekur varðandi málið eins og lýst var hér að framan. Ákvæðin um skipun réttargæslumanns auðvelda brotaþola í nauðgunarmáli líka að átta sig á þessu flókna kerfi og að fá upplýsingar um gang málsins hverju sinni.

Kröfur um sönnun

Sönnunarbyrðin í opinberum málum hvílir á ákærvaldinu. Þetta þýðir að neiti nauðgari að hafa nauðgað konu, verður ríkissaksóknari, sem er ákærandi í málinu, að sanna sekt hans. Dómariinn endurmetur síðan þau sönnunargögn sem ákærvaldið leggur fram og metur hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um sekt hins ákærða (109. gr. sakamálalaga). Meti dómari að sannanir séu nægilegar sakfellir hann hinn ákærða en sýknar hann ella.

Standi orð nauðgarans gegn vitnisburði konu og engin sönnunargögn önnur, svo sem áverkar eða sjónarvottar, styðja framburð hennar, eru litlar líkur á að málið komi til dóms. Slík mál eru yfirleitt ekki send ákæranda og séu þau send honum, fellir hann þau yfirleitt niður.

Í ljósi þess að algengast er, að konur beri ekki líkamlega áverka eftir nauðgun (í Bandaríkjunum er talið, að líkamlegu ofbeldi sé beitt í um 20% nauðgana), að sjaldnast eru vitni að nauðgunum og að algengast er að nauðgarar neiti öllum sakargiftum, eru kröfurnar um sönnunarbyrði í nauðgunarmálum fjarstæðukenndar og andstæðar hagsmunum kvenna. Ríkjandi kröfur um sönnunarmat en þær mótast m.a. af fyrri dómum, einkum Hæstaréttardómum eins og getið var hér að framan, hafa því áhrif á feril máls allt frá því að það er kært til lögreglu.

Reglur um fyrningu mála

Það kemur alloft fyrir að konur ákveða að kæra nauðgun vikum, mánuðum eða árum eftir að hún hefur átt sér stað. Þær hafa þá oftast komist yfir verstu afleiðingar nauðgunarinnar og kæran er þá stundum lokastigið í því að varpa ábyrgðinni á henni yfir á ofbeldismanninn.

Ákveðnar reglur gilda um fyrningu sakar. Með fyrningu sakar er átt við að ekki er lengur hægt að kæra mál. Ákvæði um þetta er að finna í 81. og 82. gr. almennra hegningarlaga, 1. mgr. 82. gr. eru talin upp þau brot þar sem fyrningarfrestur telst frá þeim degi er brotaþoli nær 18 ára aldri. Samkvæmt 2. mgr. 81. gr. fyrnist sök vegna brota samkvæmt ákvæðum 194. gr., 1. mgr. 200. gr. og 1. mgr. 201. gr. ekki þegar brot er framið gagnvart barni undir 18 ára aldri og er það mikil réttarbót. Eins og áður hefur verið vikið að eru skilgreiningar kvenna á nauðgunum aðrar en skilgreiningar réttarkerfisins. Fyrningartími nauðgana fer því eftir því undir hvaða grein hegningarlaganna réttarkerfið fellir kærana.

Einkaréttarkröfur

Brotapolar og aðstandendur barns sem hefur verið nauðgað og hefur kært málið til lögreglu, geta krafði ofbeldismanninn um skaðabætur vegna þess tjóns sem hann hefur valdið brotþola. Ákvæði um bótakröfur er að finna í XXVI. kafla sakamálalaga. Bótakrafa er oftast tvíþætt; annars vegar bætur vegna beins fjárhagslegs tjóns og hins vegar bætur vegna miska.

Með beinu fjárhagslegu tjóni er t.d. átt við útlagðan kostnað vegna læknishjálpar, vottorða og lyfja, atvinnutaps vegna nauðgunarinnar og málskostnaðar vegna kröfunnar. Miska-bótum er ætlað að bæta andlegar þjáningar og þau óþægindi sem brotþoli varð fyrir af kynferðisofbeldinu.

Bótakröfur á að gera á rannsóknarstigi málsins, þ.e. meðan mál er enn í höndum lögreglu, og þær verða hluti af gögnum málsins. Lögreglan á að upplýsa brotþola um að leggja megi fram bótakröfu á hendur ofbeldismanninum. Eitt af mikilsverðustu hlutverkum réttargæslumanns samkvæmt sakamála-lögum og fjallað var um hér að framan, er að ganga frá bóta-kröfu fyrir hönd brotþola.

Sé kærður kynferðisofbeldismaður fundinn sekur um refsivert athæfi og hann sakfelldur, dæmir dómari samhliða um bótakröfuna og ákvarðar bætur sé krafan nægilega skýr og studd gögnum. Ekki er þó sopið kálið þó í ausuna sé komið og má með réttu heimfæra þennan gamla málshátt upp á bóta-kröfur og hlutdeild réttarkerfisins í þeim. Fram til ársins 1996 tryggði hið opinbera á engan hátt að brotþoli fengi greiddar þær skaðabætur sem dómari hafði dæmt honum. Brotapolar höfðu einnig sjálfir orðið að sjá um að innheimta dæmdar

bætur úr hendi ofbeldismannsins. Það kemur varla á óvart að til undantekninga heyrði að ofbeldismenn greiddu fórnarlömbum sínum dæmdar skaðabætur.

Vorið 1993 samþykkti Alþingi þingsályktun um ríkisábyrgð á bótagreiðslum vegna grófra ofbeldisbrota og í árslok sama ár var skipuð nefnd á vegum dómsmálaráðuneytis til þess að skoða málið. Þessi nefnd lauk þessum þætti starfs síns ári síðar og árið 1995 voru samþykkt lög nr. 69/1995 um greiðslu ríkis-sjóðs á bótum til brotþola afbrota. Lögin áttu að ganga í gildi í janúar 1996 en áður en til þess kom voru gerðar breytingar á þeim sem takmarka ríkisábyrgðina verulega.

Umrædd lög gengu loks í gildi 1. júlí 1996. Samkvæmt þeim fara bótagreiðslur fram með tvennum hætti. Annars vegar þegar bætur hafa verið dæmdar af héraðsdómi eða Hæstarétti og hins vegar þegar sérstök nefnd skipuð af dómsmálaráðherra (nú innanríkisráðherra) hefur úrskurðað bætur í málum þar sem ákæra hefur ekki verið gefin út. Sá sem fer með bótakröfu fyrir nefndina verður að hafa kært brot gegn sér til lögreglu hið fyrsta eftir að það hefur verið framið og þá lagt fram bótakröfu á rannsóknarstigi málsins. Nefndin ákvarðar síðan bætur en er bundin af þeim hámarks upphæðum bóta sem um er getið í lögnum. Ríkisábyrgðarupphæðirnar eru nú árið 2011 fremur lágar eða hæst kr. 600 þúsund fyrir miska. Verði brotþola dæmdar hærri bætur þarf hann því að sækja mismuninn til ofbeldismannsins.

Í þessu samhengi er rétt að vekja sérstaka athygli á að með því að kæra ekki þegar ofbeldismaður er ósakhæfur, þ.e. er 15 ára eða yngri, látinn eða ósakhæfur af öðrum sökum er

kærandi um leið að glata rétti til að gera bótakröfu í málinu. Þó segir í 3. mgr. 6. gr. laganna að víkja megi frá m.a. skilyrði um kæru til lögreglu mæli veigamikil rök með því.

Gæsluvarðhald

Stöku sinnum eru sakborningar í nauðgunarmálum úrskurðaðir í gæsluvarðhald í tiltekinn tíma, venjulega nokkra daga, meðan á rannsókn máls stendur. Mörg skilyrði verður að uppfylla eigi að úrskurða mann í gæsluvarðhald. Frumskilyrði eru að fram hafi komið rökstuddur grunur um að hann hafi framið refsiverðan verknað sem fangelsisrefsing sé lögð við og að hann hafi náð 15 ára aldri en við þann aldur verða menn sakhæfir samkvæmt almennum hegningarlögum. Auk þess þurfa að vera uppfyllt einhver viðbótarskilyrða, s.s. að líklegt sé að sakborningur torveldi rannsókn, reyni að komast úr landi, að hann haldi áfram brotum eða að gæsluvarðhaldsvist sé nauðsynleg til þess að verja aðra fyrir árásum sakbornings eða hann fyrir árásum annarra (95. gr. sakamálalaga). Oftast eru kærðir menn úrskurðaðir í gæsluvarðhald til þess að tryggja að þeir spilli ekki sakargögnum eða hafi áhrif á vitni.

Beiðni um gæsluvarðhald er alltaf borin fram af rannsóknaraðila máls, þ.e. lögreglu og héraðsdómarar kveða upp slíka úrskurði. Hvort farið er fram á gæsluvarðhald og úrskurðað um það, byggir alfarið á mati réttarkerfisins á málinu. Kona sem hefur verið nauðgað og/eða aðstandendur hennar geta engin áhrif haft á hvort farið er fram á gæsluvarðhald eða ekki, jafnvel þó þau hafi t.d. rökstuddan grun um eða óttist mjög að ofbeldismaðurinn reyni að hefna sín á þeim

fyrir að hafa kært hann. Þau geta beint beiðnum til lögreglu eða saksóknara en ákvörðunarvaldið um hvort gerð verður krafa um gæsluvarðhald liggur hjá þessum aðilum.

3. RÉTTARKERFIÐ OG BROTAÞOLAR

Eins og bent hefur verið á hér að ofan er allur sá lagarammi, sem byggt er á þegar kynferðisofbeldi er kært, í megindráttum andstæður hagsmunum þeirra sem fyrir brotum verða. Þó lögin eigi að vernda persónufrelsi, tryggja öryggi brotaþola og refsa kynferðisbrotamönnum verður útkoman sjaldnast sú. Reynsla brotaþola af því að kæra nauðgun er yfirleitt neikvæð. Þeir mæta oft fordómum í kerfinu, þeim finnst lítið tillit tekið til sín og sinna þarfa. Sumir lýsa reynslunni af réttarkerfinu á þann veg að þeim finnst þeir vera sakborningarnir.

Eftir gildistöku laga um meðferð sakamála árið 2008 og endurskoðun hegningarlaga á seinni árum hefur réttarstaða brotaþola í kynferðisbrotamálum þó batnað nokkuð. Þyngst vega þar ákvæðin um réttargæslumann, ákvæði og reglur um skýrslutöku þegar börn yngri en 15 ára eiga hlut að máli og tilkynningaskyldu lögreglu og ákærvalds varðandi gang máls svo og ákvæði hegningarlaganna um fyrningarfrest og breytingar á kynferðisbrotakafli laganna. Loks skal bent á ákvæði laga um ríkisábyrgð á bótum til brotaþola afbrota eins og rakið er hér að framan. En betur má ef duga skal. Hér verður minnst á nokkur atriði sem breyta þarf í meðferð þessara mála af hendi opinberra aðila.

Ákvæðin um réttargæslumann eru mikilsverð fyrir brotaþola í kynferðisbrotamáli. Það skiptir miklu að fá góða

leiðsögn um hið framandlega umhverfi réttarkerfisins og flókin lagaákvæði. Ákvæðin tryggja þó á engan hátt að þeir sem taka að sér þetta hlutverk séu starfi sínu vaxnir, þar sem engin ákvæði er að finna um að þessir lögmenn eða aðrir starfsmenn réttarkerfisins skuli hafa sértæka þekkingu á eðli og afleiðingum nauðgana og tilfinningalegum þörfum brotþola og aðstandenda þeirra. Tryggja þarf að öllum þeim starfsmönnum réttarkerfisins sem hafa með þessi mál að gera, hvort heldur eru barnaverndarnefndir, lögregla, réttargæslumenn, saksóknarar eða dómara, verði gert fært og þeir sæki sér fræðslu um þær, fræðslu sem byggð er á reynslu brotþola.

Lagaákvæðin og reglur nr. 190/2009 um tilhögun skýrslutöku fyrir dómi af brotþola yngri en 15 ára eru tvímælaust til bóta fyrir brotþola að því leyti að þeir þurfa ekki lengur að mæta í réttarsal nema dómari telji sérstaka ástæðu til. Enn er staðan þó sú að það er undir dómara komið hvort hann nýtir sér heimild til að fá sérþjálfaðan mann til að ræða við barnið eða gerir það sjálfur. Í ljósi þess að afar fá nauðgunarmál berast dómstólum og að dómurum er ekki skylt að þjálfá sig sérstaklega í því að tala við börn undir þessum kringumstæðum, búum við enn við það fyrirkomulag að fólki án nokkurrar sérþjálfunar er ætlað að taka skýrslu af börnum sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi. Þetta ástand mála er ekki viðunandi. Þó aðalreglan sé nú sú að brotþolum yngri en 15 ára er ekki ætlað að mæta sem vitni í dómssal er hún ekki algild, eins og útskýrt var í þættinum um héraðsdóm. Um þetta atriði og það að ekki er tvímælaust reglan um að málsmeðferð fyrir dómi fari ávallt fram fyrir lokuðum dyrum, þegar verið er að fjalla

um kynferðisbrotamál, þarf að tryggja rétt brotaþola skýrar. Vald dómara og mat þeirra er í lagaákvæðunum og reglugerðinni gert of hátt undir höfði á kostnað réttarstöðu barna.

Ákvæðin um tilkynningaskyldu lögreglu og ákærvalds gagnvart brotaþolum er ágætis réttarbót. Enn skortir þó á að tilkynningaskyldan sé tryggð á öllum stigum máls. Rétt hefði þó verið að skylda þessa aðila til að rökstyðja ákvarðanir sínar um niðurfellingu mála en ganga ekki útfrá því að brotaþolar sjálfir krefðust rökstuðnings.

Eins og aðrar breytingar síðari ára á lagaákvæðum varðandi réttarstöðu þeirra sem beittir eru nauðgunum, var gildistaka laganna um ríkisábyrgð á greiðslu skaðabóta til brotaþola afbrota til bóta. Helsti gallinn á þeim lögum eru ákvæðin um hámark bóta vegna miska sem ríkisvaldið ábyrgist. Að vera beittur kynferðisofbeldi breytir lífi brotaþola til hins verra. Ábyrgð ríkisins á greiðslu miskabóta vegna þeirra brota er of lítil, þau verða að endurspeglar alvarleika brotanna.

Síðast en ekki síst verður hér vikið að ákvæðum almennra hegningarlaga um nauðganir. Þessum lagaákvæðum var breytt með lögum nr. 61/2007, en við þá endurskoðun skorti enn mikið á að horfið væri frá þeirri ofuráherslu sem lögð er á form ofbeldisins, þ.e. hvað aðferðum ofbeldismaðurinn beitir, í stað þess að hafa að leiðarljósi afleiðingar ofbeldisins á brotaþola.

Enn er því margt sem þarf að lagfæra og breyta í íslenskum lögum og meðferð kynferðisbrotamála gagnvart brotaþolum. Til þess að breyta kerfinu og hafa áhrif á viðhorf þeirra sem þar vinna til kynferðisbrotamála, er okkur nauðsyn að standa saman að kröfum um breytingar sem tryggi betur rétt brotaþola.

Af hverju kæra tiltölulega fáar konur nauðgun?

Spurningin svarar sér í raun sjálf þegar höfð er í huga réttarstaða kvenna sem hefur verið nauðgað og sú túlkun á kröfunum um sönnunarbyrði sem íslenskt réttarkerfi beitir, svo sem rakið hefur verið hér að framan. Auk þess vita konur að þær eiga á hættu að mæta lífseigum goðsögnum og fordómum í réttarkerfinu þegar þær kæra nauðgun.

Allt stuðlar þetta að því að konur draga við sig að kæra. Þó hefur nauðgunarkærum fjölgað og er það vel, því fleiri kærur hafa í för með sér að vitund almennings um nauðgun sem samfélagslegt vandamál vex. Þær leiða einnig til þess að meiri þrýstingur myndast á réttarkerfið að breyta meðferð nauðgunarmála. Það að kæra er líka í sjálfu sér ótvíræð yfirlýsing um að brotaþoli taki ekki á sig ábyrgðina af nauðguninni. En konur þurfa góðan stuðning til þess að fara gegnum þá þolraun sem kærufarlið stundum er. Þann stuðning er hægt að sækja til Stígamóta.

III. HLUTI

STARFSEMI STÍGAMÓTA, BARNAHÚSS OG NEYÐARMÓTTÖKU VEGNA NAUÐGANA

1. STÍGAMÓT

Stígamót voru stofnuð 8. mars 1990 á alþjóðlegum baráttudegi kvenna. Að stofnun þeirra stóðu konur sem höfðu tekið þátt í starfsemi ráðgjafarhóps um nauðgunarmál, vinnuhóps gegn sífjaspellum, Kvennaráðgjafar og Kvennaathvarfs. Þessar konur höfðu áþreifanlega orðið varar við það í starfi sínu í áður nefndum sjálfboðaliðahópum að kynferðisofbeldi var miklu algengara á landi hér en nokkurn hafði órað fyrir. Þeim var líka ljóst að engin þjónusta var til sem mætti þörfum brotaþola og var byggð á þeirra forsendum. Stígamót hafa ekki aðeins notið stuðnings kvenna úr ofangreindum hópum, fjöldamörg önnur kvennasamtök studdu stofnun þeirra. Meginstyrkur Stígamóta felst í því að þar er tekið mark á reynslu brotaþola í kynferðisbrotamálum og er gengið út frá henni í öllu starfi.

Í desember 2010 skilaði Inga Vildís Bjarnadóttir meistara-ritgerð í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Efni ritgerðarinnar er mat á þjónustu Stígamóta sem unnið var úr viðtölum og spurningalistum sem lagðir voru fyrir skjólstæðinga Stígamóta. Lagt var mat á sjálfsvirðinu, kvíða, streitu og þunglyndi hjá tveimur hópum. Annars vegar hjá fólki áður en það fór í sitt fyrsta viðtal og hins vegar hjá fólki sem hafði verið í a.m.k. fjórum ráðgjafarviðtölum.

Niðurstöðurnar sýndu marktækt aukna sjálfsvirðingu. Þunglyndi hafði mælst hjá fyrri hópnum á mörkum þess að vera meðal- og alvarlegt þunglyndi en hjá þeim hópi sem hafði nýtt ráðgjöf, mældist þunglyndið vægt. Streita og kvíði minnkuðu jafnframt marktækt. Þessar niðurstöður ættu að vera hvatning fyrir það fólk sem veltir fyrir sér að leita sér hjálpar. Það er ekki eftir svo litlu að slægjast að geta aukið sjálfsvirðingu sína, minnkað þunglyndi, kvíða og streitu með því að vinna úr afleiðingum ofbeldis.

Starfið á Stígamótum er kostað af fjárframlögum ríkis, stærri sveitarfélaga, ýmissa félagasamtaka og af eigin fjáröflun. Öll þjónusta Stígamóta við þá er þangað leita er því ókeypis og hún er opin öllum þolendum kynferðisofbeldis eldri en 18 ára (nema málin séu þekkt af barnaverndaryfirvöldum), án tillits til búsetu þeirra. Með allar persónuupplýsingar er að sjálfsögðu farið sem algjört trúnaðarmál. Stígamót eru opin alla virka daga kl. 9 til 18. Á öðrum tímum er hægt að skilja eftir skilaboð á símsvara. Vegna mikillar aðsóknar er nauðsynlegt að hafa samband áður en komið er til þess að forðast bið eftir viðtölum. Sími Stígamóta er **800 6868** ókeypis númer og

562 6868. Viðtöl er einnig hægt að panta með tölvupósti. Veffang Stígamóta er: **stigamot@stigamot.is**. Frekari upplýsingar um starfsemina er að finna á heimasíðu Stígamóta. Slóðin er: **www.stigamot.is**.

Árið 2007 hófst tilraun með verkefni sem var gefið nafnið „Stígamót á staðinn“. Fóru starfskonur Stígamóta til annarra sveitafélaga, oftast í einn dag hálfsmánaðarlega, og buðu þjónustu við þolendur kynferðisofbeldis á landsbyggðinni, þ.e. einstaklingsviðtöl og lokaða sjálfshjálparhópa. Var þjónustan veitt í Grundarfirði, Akranesi, Borgarnesi, Selfossi, Vestmannaeyjum og á Egilsstöðum. Verkefnið lagðist af þegar kreppan skall á en nú hefur það verið endurvakið að hluta til.

Meginmarkmiðin með stofnun Stígamóta eru annars vegar að þau séu staður sem konur og karlar sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi, geti leitað til, fengið stuðning og deilt reynslu sinni með öðrum sem einnig hafa verið beittir slíku ofbeldi eða þekkja það vel. Með kynferðisofbeldi er, auk sifjaspella, nauðgana og kynferðislegrar áreitni, einnig átt við klám, vændi og mansal enda er það reynsla Stígamóta jafnt og annarra kvennasamtaka í heiminum að það tekur langan tíma að vinna úr þeirri erfiðu ofbeldisreynslu sem vændi er og að klám er ein birtingarmynd vændis. Mansal er nútíma þrælasala og algengasta form mansals er mansal til kynlífsþjónustu.

Í öðru lagi eru Stígamót fræðslu- og upplýsingamiðstöð fyrir almenning um kynferðisofbeldi.

Einkaviðtöl og sjálfshjálparhópar

Konur (og nokkrir karlar) leita ýmist til Stígamóta strax eftir

að þeim hefur verið nauðgað eða síðar. Þeim standa til boða einstaklingsviðtöl og að taka þátt í sjálfshjálparhópi. Jafnframt eru þeim veittar allar upplýsingar um réttarstöðu sína og aðstoð við að kæra nauðgun. Á Stígamótum er frásögn kvenna af nauðgunum ávallt tekin alvarlega. Þegar konur leita til Stígamóta er þeim fyrst boðið einkaviðtal eða viðtöl og síðan stendur þeim til boða að taka þátt í sjálfshjálparhópi með öðrum konum sem einnig hefur verið nauðgað.

Einkaviðtöl og sjálfshjálparhópar miða bæði að því að aðstoða fólk við að ná tökum á afleiðingum nauðgunar og að byggja á ný upp sjálfsmýnd og sjálfsvirðingu þess. Umfangsmikið ráðgjafarstarf fer einnig fram í gegnum síma og tölvu-póst.

Grundvallarregla í öllu starfi Stígamóta er að taka ekki ráðin af þeim sem þangað leita. Brotþolar og aðstandendur þeirra ákveða sjálfir hvaða þjónustu og hversu mikillar þjónustu þeir óska eftir.

Reynslan af starfi okkar hefur leitt í ljós að sá stuðningur og ráðgjöf sem veittur er, skiptir brotþola miklu máli og veitir þeim ómetanlegan styrk og kjark til að takast á ný við lífið.

Fræðsla og upplýsingar um kynferðisofbeldi

Frá upphafi hafa Stígamót reynt af fremsta megni að rækja fræðslu- og upplýsingaþáttinn sem er annað meginmarkmiðið með starfseminni. Mikil áhersla er lögð á að veita almenningi og ýmsum starfshópum sem mæta þeim sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi í starfi sínu, fræðslu og upplýsingar. Boðið er upp á námskeið og fræðsluerindi um kynferðisofbeldi og

hafa umsvif þessarar þjónustu farið vaxandi ár frá ári. Með kynferðisofbeldi er einnig átt við klám, vændi og mansal til kynlífsþjónustu eins og að framan greinir.

Á Stígamótum er einnig vísir að bókasafni um kynferðisofbeldi. Flestar eru þær bækur þó, því miður, á erlendum tungumálum. Einnig hefur greinum á íslensku verið safnað um efnið. Mikið hefur verið leitað eftir slíku fræðsluefni og almennri fræðslu um starfsemina. Fræðslustarfsemi okkar miðar öll að því að eyða fordómum og goðsögnum um kynferðisofbeldi, fordómum sem afskræma og ógilda reynslu kvenna.

2. STARFSEMI BARNAHÚSS

Í nóvember árið 1998 var Barnahúsið opnað, upphaflega sem tilraunaverkefni rekið af Barnaverndarstofu. Árið 2001 var starfsemi þess fest í sessi.

Hlutverk Barnahúss er að veita barnaverndarnefndum aðstoð við rannsókn kynferðisbrotamála gagnvart börnum, foreldrum barna, sem þangað er vísað ráðgjöf og börnum meðferð. Nefndunum ber engin skylda til að notfæra sér þessa þjónustu, hún er tilboð til barnaverndarnefnda um ákveðna samræmda málsmeðferð í kynferðisbrotamálum.

Samkvæmt starfsreglum Barnahúss geta barnaverndarnefndir falið starfsmönnum hússins, sem eru sérfræðingar í þessum málum, að rannsaka sífjaspellamál og önnur kynferðisbrotamál sem snerta börn og upp kunna að koma í umdæmum þeirra. Í Barnahúsi er aðeins tekið við málum til rannsóknar sem vísað er þangað af barnaverndarnefnd eða þegar dómari óskar eftir því að skýrslutaka fyrir dómi fari þar fram, þegar

lögregla fer með rannsókn máls. Í húsinu er sérbúin aðstaða til rannsóknar þessara mála. Þar fer fram rannsóknarviðtal við barnið í sérstaklega búnu viðtalsherbergi og annast starfsmaður hússins það. Þar er einnig hægt að framkvæma læknisrannsókn á barni í fullkomnu rannsóknarherbergi. Framkvæmd þessara rannsóknarviðtala fer fram samkvæmt ákvæðum sakamálalaga með áorðnum breytingum og reglum nr. 190/2009 um tilhögun skýrslutöku fyrir dómi af brotaþola yngri en 15 ára, hafi málið verið kært til lögreglu.

Rétt er að taka fram að ekki eru öll mál sem berast Barnahúsi frá barnaverndarnefndum sjálfkrafa kærð til lögreglu. Ákvörðun um hvort svo verði er tekin af viðkomandi barnaverndarnefnd og getur barnaverndarnefnd óskað eftir liðsinni starfsmanna Barnahúss til að meta hvað gera skuli. Uni forráðamenn barns sem grunur leikur á að hafi verið beitt kynferðisbroti ekki þeirri ákvörðun, geta þeir sjálfir kært málið til lögreglu.

Hafi greining leitt í ljós þörf á frekari stuðningi geta barnaverndarnefndir óskað eftir meðferð fyrir barnið ásamt ráðgjöf til foreldra. Sérfræðingar Barnahúss sinna greiningu og meðferð í heimabygð barnsins sé þess óskað.

3. NEYÐARMÓTTAKA VEGNA NAUÐGANA

Við bráðadeild Landspítala - háskólasjúkrahúss Fossvogi (LSH) og slysideild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri eru reknar Neyðarmóttökur vegna nauðgana, tilrauna til nauðgunar eða annars kynferðisofbeldis, hvort sem um konur eða karla er að ræða. Samkvæmt upplýsingum frá Neyðarmóttöku

bráðadeildar LSH má snúa sér þangað beint á öllum tímum sólarhrings, gott er þó að hringja áður og boða komu sína. Brotapólar fá þar fyrstu líkamlegu og tilfinningalegu bráða-aðhlynningu, enda er tilgangurinn með þjónustunni að draga úr eða koma í veg fyrir andlegt og líkamlegt heilsutjón sem oft er afleiðing kynferðisofbeldis. Á Neyðarmóttöku fá brotapólar læknisskoðun (konur frá einnig kvenskoðun), lyf til að fyrirbyggja mögulegar sýkingar og þungun. Einnig er gerð réttarfarsleg læknisskoðun til að afla mögulegra sakargagna ef ætlunin er að kæra kynferðisbrotið. Gert er að og lagt mat á áverka og teknar ljósmyndir af þeim til stuðnings við áverkalyfsingu. Einnig má líka leita á Neyðarmóttökuna eftir ráðgjöf og stuðningi sálfræðings. Boðin er lögfræðileg ráðgjöf og aðstoð við að leggja fram kæru vegna málsins og eiga allir brotapólar rétt á viðtali við lögmann/réttargæslumann hvort sem kært er í málinu eða ekki, og sér að kostnaðarlausu.

Neyðarmóttöku er skylt að tilkynna mál til barnaverndaryfirvalda ef unglingur er innan við 18 ára aldur. Þjónustan er ókeypis og fyllsta trúnaðar er að sjálfsögðu gætt.

4. SKRÁ YFIR HEIMILISFÖNG OG SÍMANÚMER

Stígamót

Hverfisgötu 115, Reykjavík
símar: 800 6868 og 562 6868
netfang: stigamot@stigamot.is
heimasiða: www.stigamot.is

Kvennaathvarfið

Reykjavík
sími: 561 1205

Ríkissaksóknari

Hverfisgötu 6, Reykjavík
sími: 530 1600

Hæstiréttur

Dómhúsinu v/ Arnarhól, Reykjavík
sími: 510 3030

Barnahús

Reykjavík
sími: 530 2500

Umboðsmaður barna

Laugavegi 13
sími: 800 5999 og 552 8999

Neyðarmóttaka vegna nauðgana,

Landspítala Fossvogi

aðalskiptiborð LSH: 543-1000
afgreiðsla bráðamóttöku LSH: 543-2000
Neyðarmóttaka á dagvinnutíma: 543-2094

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri

sími: 463 0100

Aflið samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi

Brekkugötu 34, Akureyri

sími 4515959

netfang: AflidAkureyri@gmail.com

www.aflidak.is

Sólstafir á Vestfjörðum

sími 8467487

netfang: solstafir@solstafir.is

5. HEIMILDASKRÁ

Stuðst hefur verið við eftirfarandi heimildir við gerð þessa bæklingis:

Almenn hegningarlög, nr. 19/1940.

Kelly, Liz. Surviving Sexual Violence, útg. Polity Press, London, 1988.

Koss, Mary og Harvey, Mary. The Rape Victim, útg. Sage Publications, London, 1991.

The London Rape Crisis Centre. Sexual Violence. The Reality for Women, útg. The Women's Press, London, 1984.

Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008

Lög um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69, 1995.

Reglur nr. 190/2009 um tilhögun skýrslutöku fyrir dómi af brotaþola yngri en 15 ára. Stjórnartíðindi 2009.

Roberts, Cathy. Women and Rape, útg. Harvester Wheatsheaf, London, 1989.

Russell, Diana. Sexual Exploitation, útg. Sage Publications, London, 1984.

Scully, Diana. Understanding Sexual Violence, útg. Unwin Hyman, Boston, 1990.

Skýrsla nauðgunarmálanefndar, útg. Dómsmálaráðuneytið, Reykjavík, 1989.

„110 konur á neyðarmóttöku vegna nauðgunar síðasta ár.“ Morgunblaðið 3. ágúst 2000.

Upplýsingaefni frá Eyrúnu Jónsdóttur, verkefnisstjóra Neyðarmóttöku vegna nauðgana.

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd: Rannsókn á ofbeldi gegn konum; reynsla kvenna á aldrinum 18-80 ára á Íslandi. Unnið fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið, desember 2010.

